Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 01.06.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 31. maí 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Græna netið
Lögð er fram skýrsla ALTA, dags. maí 2017 sem unnin er fyrir Reykjavíkurborg um græna netið og tengingar á milli opinna svæða í Reykjavík. Markmið skýrslunnar er að kortleggja og skilgreina grænar tengingar og greina stöðu þeirra.

Kynnt.
Samþykkt að kynna skýrsluna fyrir borgarráði.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12–14
105 Reykjavík



GRÆNAR TENGINGAR Í REYKJAVÍK

Kortlagning og skilgreining

DRÖG

maí 2017

A1238-002-U01

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR 3

2 AÐFERÐAFRÆÐI 4
2.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA 5
2.1.1 Græn svæði borgarinnar 6
2.1.2 Stígakerfi borgarinnar 10
2.1.3 Aðrar stefnur borgarinnar 13
2.2 TÚLKUN 14
2.3 ERLEND FORDÆMI 15
2.3.3 London 15
2.3.4 Stokkhólmur 16
2.4 ÆÐAKERFI GRÆNNA TENGINGA 17
2.4.1 Stofnæðakerfi 19
2.4.2 Tengiæðakerfi 23
2.5 TENGING VIÐ KJALARNES 26

3 GREINING STOFNÆÐA 27
3.1 YFIRLIT YFIR NIÐURSTÖÐUR MATS 28
3.2 HELSTU ÚRLAUSNAREFNI 31
3.2.1 Aðgengi 31
3.2.2 Umhverfisgæði 32
3.2.3 Læsileiki 34
3.3 ÁHUGAVERÐ TÆKIFÆRI 35

4 MIKILVÆGAR GREININGAR Í FRAMHALDI 37
4.1 SAMSPIL VIÐ VISTKERFAÞJÓNUSTU 37
4.2 SAMSPIL VIÐ BLÁGRÆNAR OFANVATNSLAUSNIR 38

5 SAMANTEKT 39

6 VIÐAUKI - GREININGAR 40

1 INNGANGUR

Unnið er að innleiðingaráætlun fyrir Græna netið í Reykjavík sbr. skilgreiningar í aðalskipulagi Reykjavíkur. Fjallað er um áherslur í heildarskipulagi opinna svæða á bls. 90-96 í greinargerð aðalskipulagsins. Þar er sett fram eftirfarandi markmið: „Styrkja samfelldan vef opinna svæða um allt borgarlandið sem tengir saman hverfi, heimili og atvinnusvæði.“

Til þess að unnt sé að forgangsraða og ganga skipulega til verks við innleiðingu þarf að greina stöðu og eiginleika opinna svæða og sér í lagi tenginga milli þeirra. Reykjavíkurborg fól Alta að skilgreina aðferðafræði í þessu sambandi og beita henni síðan við greiningu.

Markmið þessarar skýrslu er að kortleggja og skilgreina grænar tengingar í borginni og greina stöðu þeirra. Á þeim grunni megi síðan innleiða stefnu aðalskipulagsins í þessum málaflokki, með úrbótum sem raðað er í forgangsröð.

Til afmörkunar er í þessari skýrslu fyrst og fremst unnið með grænar tengingar sem tengja saman græn svæði á forsendum útivistar og eflingar lýðheilsu.

Efnið er sett fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er farið yfir aðferðafræði greiningarinnar og fyrirliggjandi stefna rýnd. Í seinni hluta er greiningin sjálf unnin út frá þeirri aðferðafræði sem lögð var fram í fyrri hluta. Í lok seinni hluta er svo farið yfir stöðuna og helstu leiðir til úrbóta.



Yfirlitsmyndir sem sýna ólíkar grænar tengingar í Reykjavík.

2 AÐFERÐAFRÆÐI

Stefna hefur verið sett fram, bæði í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Reykjavíkur, um samfelldan vef opinn svæða sem vefur sig inn í borgarlandslag Reykjavíkur. Þessa hugmyndafræði mætti einnig nefna græna netið og er sérstaklega mikilvæg þegar þétta á byggð án þess að gengið sé á grænt umhverfi íbúa eins og stefnt er að í aðalskipulagi Reykjavíkur.

Græna netið í Reykjavík nær til margra stórra og fjölbreyttra grænna svæða sem setja sterkan svip á landslag borgarinnar. Veikleiki græna netsins er miklu frekar tengingarnar sem ættu skv. hugmyndafræðinni að tengja saman grænu svæðin. Þær eru jafnframt lykilþáttur í því að græna netið virki sem heild. Grænu tengingarnar hafa ekki verið skilgreindar nákvæmlega innan borgarinnar og í raun óljóst hvað tenging þurfi að hafa til að bera til að teljast græn tenging.

Í þessari samantekt verður gengið út frá því að meginhlutverk grænna tenginga sé að örva útivist og efla þannig lýðheilsu. Hér verður gerð atlaga að því að kortleggja og skilgreina helstu grænu tengingar í Reykjavík svo yfirsýn fáist um málefnið. Við hefjum hana á skilgreiningu hugtaksins græn tenging:

Græn tenging er ákjósanleg leið þess sem vill fara milli grænna svæða í rými með sem flest einkenni grænna svæða.

Þessi skilgreining ber með sér að aðalhlutverk grænna tenginga sé að stuðla að ákveðnu ferðalagi. Þó að þessi skýrsla beini aðalega sjónum að ferðalagi fólks í þessu samhengi þá er hlutverk grænna tenginga margþætt, t.d. að vera vettvangur vistkerfa og vatnsbúskapar. Um þau hlutverk er fjallað nánar í kafla 4.4 síðar í skýrslunni.



Strandlína Reykjavíkurborgar og nágrennis auk Græna trefilsins í jaðri þéttbýlisins og gróðurþekju borgarinnar.

2.1 FYRIRLIGGJANDI STEFNA

Sett hefur verið fram stefna um grænar tengingar í Aðalskipulagi Reykjavíkur og Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.


Fjallað er um grænar tengingar sem hluta af heildarskipulagi opinna svæða í kafla um grænu borgina í Aðalskipulagi Reykjavíkur á bls. 92. Grænar tengingar eru ekki staðsettar sem slíkar í aðalskipulaginu en þó er ýmislegt sagt um þær og tilgang þeirra í tengslum við græn svæði og útivist annarsvegar og stígakerfi borgarinnar hinsvegar.

Fyrst og fremst er lögð áhersla á að „tengja strandlengjuna við Græna trefilinn og öfugt með samfelldum opnum svæðum frá fjöru til heiða". Græni trefillinn er samfellt skógræktar- og útivistarsvæði við útmörk byggðarinnar og myndar umgjörð um hana. Hinn póllinn í þessari mynd eru strandsvæði borgarinnar, mikilvæg útvistarsvæði sem liggja meðfram strandlengjunni.



Tengja þarf saman Græna trefilinn og strandlengju borgarinnar. Skýringarmynd bls. 92 í Aðalskipulagi Reykjavíkur.


Stefna í sama anda er sett fram í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins sem hluti af markmiði 4.1 á bls. 62. Þar er skilgreindur Grænn trefill fyrir höfuðborgarsvæðið allt auk græns stígs sem tengir útmörkina saman. Strandlína höfuðborgarsvæðisins er í svæðisskipulaginu nefnd bláþráðurinn og stefnt er að því að opna hana sem mest almenningi og styrkja sem útivistarsvæði. Í svæðisskipulaginu er svo sett stefna um að grænar tengingingar skuli liggja milli græna trefilsins og bláþráðarins, sem þar eru nefndar grænir geirar.



Græni trefillinn og bláþráðurinn sem tengjast saman með grænum geirum. Kort 7 um náttúru og útivist í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Þessar tengingar milli útmarka og strandlínu eru því mikilvægustu æðarnar í græna netinu fyrir borgina alla.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er jafnframt lögð fram stefna um grænt samgöngunet sem „þræðir sig eftir útivistarsvæðum borgarinnar, tengir þau saman og styrkir vistvænan ferðamáta í borgarumhverfinu". Það sé jafnframt mikilvægur þáttur í að útivistarsvæði borgarinnar myndi samfellda heild.



Græna netið myndar samfelldan vef útivistarsvæða um borgarlandið. Skýringarmynd bls. 92 í Aðalskipulagi Reykjavíkur.

2.1.1 Græn svæði borgarinnar

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er fjallað um stefnu borgarinnar um græn svæði á bls. 96 í kaflanum *Græna borgin*. Þar kemur fram að opin svæði séu tæplega 40% af þéttbýlissvæðinu í borginni. Græn svæði innan þéttbýlis skiptast svo í tíu meginflokka í aðalskipulaginu. Þarna er Græni trefillinn ekki með, en hann gegnir þó mikilvægu hlutverki sem umgjörð utan við byggðina sem á jafnframt að tengjast grænu svæðum þéttbýlisins líkt og lýst var hér að framan.



Græn svæði innan þéttbýlis borgarinnar eins og þau eru skilgreind í Aðalskipulagi Reykjavíkur

Hlutverk grænu svæðanna skiptir máli þegar skilgreina á grænar tengingar á milli þeirra. Sum græn svæði eru ætluð borginni allri sem opin útivistarsvæði, sum eru fyrst og fremst ætluð íbúum tiltekins hverfis og sum eru helguð einni ákveðinni notkun og jafnvel ekki opin öllum. Mikilvægustu grænu tengingarnar hljóta að liggja á milli þeirra svæða sem mikilvægust eru fyrir borgina alla sem heild og hverfi hennar.

Helstu græn svæði:


1) **Borgargarðar** mynda kjarnann í vef útivistarsvæða og göngu- og hjólreiðastíga sem setja hvað mestan svip á borgarlandið. Sumir þeirra tengja saman útmörkina við strandsvæði borgarinnar.
    - Þetta eru: *Elliðaárdalur, Fossvogsdalur, Öskjuhlíð, Klambratún, Vatnsmýri, Laugardalur, Gufunes, Grafarvogur að Hólmsheiði og Úlfarsárdalur frá Blikastaðakró að Hafravatni.*
2) **Hverfisgarðar** eru innan hvers borgarhluta og þjóna fyrst og fremst íbúum viðkomandi hverfa. Þau eru af ýmsum toga allt frá skrúðgörðum til torga og náttúrulegra svæða og tengja oft saman íbúðahverfin við stærri útivistarsvæði borgarinnar s.s. borgargarða og strandsvæði.
    - Þetta eru: *miðsvæði Efra-Breiðholts, Seljatjörn, Reynisvatn, Garðaflöt, Grundargarður, Höfði, Litla Öskjuhlíð, Vatnshóll, Grasagarðurinn, höggmyndagarðurinn við Ásmundarsafn, Kleppsgarður, Laugarás, Steinahlíð, Alþingisgarðurinn, Arnarhóll, Austurvöllur, Bakarabrekkan, Bringan, Einarsgarður, Hallargarðurinn, Höggmyndagarðurinn við Listasafn Einars Jónssonar, Mæðragarðurinn, Víkurgarður, Landakotstún og Skeifan við Háskóla Íslands.*
3) **Strandsvæði** borgarinnar eru skilgreind við strandlengjuna, þar er gert ráð fyrir útivistariðkun og mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu svæðanna til útivistar og afþreyingar. Standsvæðin hafa fest sig í sessi sem mikilvæg útivistarsvæði, s.s. til gönguferða, hlaupa eða hjólreiða. Þau eru einnig mikilvæg fyrir lífríki sitt.
    - Strandsvæði eru skilgreind við stóran hluta strandlínu borgarinnar og eru þar helst undanskilin iðnaðarsvæðin við Sundahöfn.

Ýmis önnur græn svæði

4) **Leiksvæði** eru leik- og dvalarsvæði innan hvers borgarhluta og þjóna fyrst og fremst íbúum viðkomandi hverfa og nærumhverfis.
5) **Íþróttasvæði**, þar er gert ráð fyrir allri þeirri starfsemi sem tengist íþróttum og íþróttaiðkun þar sem m.a. gert ráð fyrir aðstöðu og skipulagðri starfsemi íþróttafélaganna í borginni. Sundlaugar flokkast undir íþróttastafsemi.
6) **Hesthúsasvæði** eru eingöngu fyrir starfsemi og mannvirki sem tengjast hestamennsku. Þau eru á tveimur stöðum í nágrenni borgarinnar, annars vegar í Víðidal og hins vegar í Almannadal. Einnig er ráðgert hesthúsasvæði á Kjalarnesi.
7) **Golfvellir**, þar má gera ráð fyrir hverskonar mannvirkjum sem tengjast golfiðkun og rekstri golfklúbba.
8) **Kirkjugarðar** þar má gera ráð fyrir mannvirkjum sem tengjast starfsemi kirkjugarða og rekstri þeirra.
    - Þetta eru Hólavallakirkjugarður, Fossvogskirkjugarður og Gufuneskirkjugarður. Gert er ráð fyrir nýjum kirkjugarði í við Úlfarsfell.
9) **Gróðrarstöðvar og garðlönd** ná yfir ræktunarstarfsemi í atvinnuskyni til skólagarða innan hverfa. Á svæðunum má gera ráð fyrir hverskonar ræktun hvort sem er til sölu eða einkanota.
10) **Ár og vötn** eru einni hluti af heildarskipulagi opinni svæða í borginni. Helgunarsvæði áa og vatna ákvarðast af afmörkun hverfisverndar fyrir viðkomandi á eða vatn. Ekki er heimilt að hindra leið fótgangandi meðfram ám og vötnum.

Hér er því dregin sú ályktun að borgargarðar, hverfisgarðar og strandsvæði séu mikilvægustu svæðin sem grænum tengingum er ætlað að tengja saman auk græna trefilsins. Hin grænu svæðin skipta auðvitað líka máli en þau hafa yfirleitt afmarkaðra hlutverk og eru mis opin almenningi eftir eðli og tíma. Í þessari greiningu eru þau því meira höfð til hliðsjónar.

Á næstu síðu má sjá kort af grænum svæðum í aðalskipulagi Reykjavíkur þar sem mikilvægustu svæðin eru lituð sérstaklega eftir flokkum. Athuga ber að kortlagning úr aðalskipulaginu inniheldur græn svæði sem ekki eru til í dag og undarskilur þau sem áætlað er að fari undir þéttingu. Á síðunni á eftir eru grænu svæðin flokkuð í tvennt eftir mikilvægi og einnig má sjá annað grænt borgarland sem ekki fellur undir græn svæði.



Helstu grænu svæðin innan þéttbýlis borgarinnar; borgargarðar (grænblá), hverfisgarðar (gul) og strandsvæði (ljósblá). Önnur græn svæði sýnd með sama lit (ljósgræn).



Hér má sjá kortlagningu á grænum svæðum skipt í tvo flokka eftir mikilvægi auk annars græns borgarlands, sem er ekki skilgreint sem græn svæði.

2.1.2 Stígakerfi borgarinnar

Göngustígakerfi

Aðalstígakerfi borgarinnar, sem er samfellt net göngu- og hjólastíga tekur m.a. mið af græna netinu. Í aðalskipulaginu er lögð er áhersla á að aðalstígar tengi saman mismunandi útivistarsvæði og liggi um grænar æðar. Aðalstígar borgarinnar gegna einnig mikilvægu hlutverki til þess að styrkja hlutdeild vistvænna ferðamáta, sjá bls. 146 í aðalskipulaginu, og þurfa því einnig að tengja saman heimili, vinnu- og þjónustusvæði. Hér fyrir neðan má sjá kort af stígakerfinu eins og það kemur fram í aðalskipulaginu. Athuga ber að kortlagning úr aðalskipulaginu inniheldur einhverja stíga sem ekki eru til í dag.




Stígakerfi borgarinnar eins og það er skilgreint í Aðalskipulagi Reykjavíkur. Stofnstígar sýna aðalstígakerfi borgarinnar og brotnar línur sýna mögulegar framtíðartengingar úr aðalskipulagi.

Stígakerfi borgarinnar gegnir tveimur mikilvægum hlutverkum. Annars vegar til að tengja saman útivistarsvæði borgarinnar og hins vegar að stuðla að vistvænum samgöngum á milli staða. Aðalstígar borgarinnar eiga að vera öruggir og greiðfærir, í skjólsælu umhverfi og tengjast nágrannasveitarfélögunum.

Í þessari greinargerð verður stígakerfið haft til hliðsjónar þegar lega grænna tenginga er mótuð. Með því er jafnframt framfylgt stefnu aðalskipulags, þar sem áhersla er á að aðalstígar tengi saman útivistarsvæði borgarinnar og liggi um grænar æðar. Til þess að innviðir borgarinnar nýtist sem best er lagt upp með að nýta stíganetið eins og mögulegt er sem grunn að grænum tengingum.

Á næstu síðu má sjá kort með stofnstígum og grænum svæðum úr aðalskipulagi Reykjavíkur.



Hér má sjá saman grænu svæðin flokkuð í helstu flokka ásamt stofnstígum borgarinnar.

Borgargötur

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er sett fram stefna um borgargötur þar sem lögð er áhersla á gæði götunnar sem almenningsrými. Þá skuli við endurhönnun gatna horft til fjölþætts hlutverks götunnar sem mikilvægs og fjölbreytilegs almenningsrýmis í borgarlandslaginu.

Þessi markmið geta vel farið saman við að gera göturnar meira aðlaðandi sem græna tengingu. Því er æskilegt að borgargötur og grænar tengingar falli að einhverju leyti saman og þá ætti að huga sérstaklega að því að bæta göturýmið með því að grænka götunar með einum eða öðrum hætti.




Hér má sjá kortlagningu borgargatna eins og þær koma fram í aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hjólreiðastígar

Stígar, sem sérstaklega eru helgaðir hjólreiðum, hafa verið að lengjast á síðustu árum. Í hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar eru sett fram metnaðarfull markmið um aukna hlutdeild hjólreiða í Reykjavík og er styrking innviða til hjólreiða þar lykilþáttur.

Samfara gerð hjólreiðaáætlunar var unnið að skilgreiningu lykilhjólaleiða á höfuðborgarsvæðinu, sjá kort hér fyrir neðan, sem festa á í sessi með góðum merkingum. Lykilhjólaleiðirnar liggja yfirleitt meðfram helstu stofnstígum.

Að ákveðnu leyti er æskilegt að aðal hjólaleiðir liggi í grænum rýmum, hins vegar má einnig benda á ákveðnu ókosti þess að hröð hjólaumferð og róleg útivist gangandi fari saman. Nærveru hjólaleiða í grænum tengingum má því bæði líta á sem kost og ókost.



Lykilhjólaleiðir í Reykjavík sem tengjast höfuðborgarsvæðinu sem heild.

2.1.3 Aðrar stefnur borgarinnar

Unnar hafa verið ýmsar stefnur á vegum borgarinnar sem tengjast þróun græna netsins. Þar ber helst að nefna eftirfarandi:

Loftslagsstefna Reykjavíkurborgar

Loftslagsstefna borgarinnar frá 2016 tilgreinir ýmis markmið til að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Þar er m.a. stefnt að aukinni hlutdeild gangandi og hjólandi og að hún nái upp í 30% í samræmi við stefnu aðalskipulags. Efling grænna tenginga fer saman við þetta markmið þar sem hún hvetur til útivistar.

Í stefnunni er jafnframt sett fram markmið um þéttingu byggðar, líkt og í aðalskipulagi borgarinnar, með því að 90% nýrra íbúða verði innan þéttbýlismarka til að efla nærþjónustu og draga úr ferðaþörf. Þegar byggð er þétt minnka græn einkarými og því mikilvægara að íbúar hafi aðgang að sameiginlegum grænum rýmum og tengingum milli þeirri.

Kolefnisbinding með skógrækt getur einnig farið vel saman við eflingu grænna tenginga þar sem gróðursetning trjáa hefur almennt jákvæð áhrif á umhverfisgæði grænu tenginganna og styrkir mikilvæga þjónustu vistkerfa.

Stefna Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni

Í stefnu borgarinnar um líffræðilega fjölbreytni frá 2015 er fjallað um mikilvægi þess að tryggja tengingar milli grænna svæða fyrir margskonar lífverur og skapa þannig rými fyrir fjölgun og eflingu búsvæða.

Þó að þessi samantekt beini sjónum sínum fyrst og fremst að hlutverki grænna tenginga til útvistar eru augljós samlegðaráhrif milli þess að bæta upplifun fólks af grænum svæðum og styrkja lífríki þeirra. Margar aðgerðir sem fela í sér fegrun grænu tenginganna t.d. með auknum gróðri fela einnig í sér eflingu lífríkis þess. Hinsvegar geta auknir innviðir til útvistar, s.s. stígar haft einhver neikvæð áhrif á lífríki. Alltaf ætti að reyna eftir bestu getu að láta þessa þætti vinna saman og móta mætti nánari stefnu um samspil grænna tenginga og lífríkis, sjá einnig nánar í kafla 4.4.1.

Leiksvæðastefna Reykjavíkurborgar

Í stefnu um leiksvæði borgarinnar er m.a. lögð áhersla á „öruggar og aðlaðandi gönguleiðir með verðugu umhverfi hafa áhrif á lífsstíl og lýðheilsu borgarbúa.“ Grænar tengingar eru kjörinn vettvangur fyrir slíkar gönguleiðir.

Trjáræktarstefna Reykjavíkurborgar

Í stefnu Reykjavíkurborgar í trjáræktarmálum er sett fram markmið um að rækta fleiri tré í borginni til að gera hana skýlli og fallegri. Jafnframt er lögð áhersla á að rækta fjölbreyttan trjágróður. Bæði þessi markmið samræmast eflingu grænna tenginga því ríkulegur og fjölbreyttur trjágróður er yfirleitt til þess fallin að bæta umhverfisgæði grænna tenginga.

Borgarlínan

Stefna um nýtt kerfi almenningssamgangna er hryggjarstykkið í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og gegnir lykilhlutverki í því að breyta ferðavenjum. Nú stendur yfir undirbúningur lagningu borgarlínu en eins og staðan er í dag liggur ekki fyrir ákvörðun um útfærslu hennar.

Ákjósanlegt er að meginæðar græna netsins tengist borgarlínu með einhverjum hætti. Samband almenningssamgangna og grænna tenginga ætti því að skoða frekar þegar útfærsla borgarlínu liggur fyrir.

2.2 TÚLKUN

Þegar stígakerfi borgarinn er skoðað í samhengi við grænu svæðin kemur fram áhugaverður munur milli hverfa vesturhluta og austurhluta borgarinnar, sjá linu sem dregin er á myndinni hér fyrir neðan.



Hér má sjá saman grænu svæðin sem heild og stofnstíga innan borgarinnar.

Þessi munur felst í því að stofnstígar í austurhluta borgarinnar liggja að stórum hluta innan stórra grænna geira sem liggja á milli hverfa, s.s. Elliðaárdalinn og Grafarvog. Í vesturhluta borgarinnar eru færri grænir geirar, grænu svæðin eru afmarkaðri og stofnstígar liggja oft meðfram helstu umferðaræðum.

Þetta kallar á ólíkar útfærslur í borgarrýminu til að styrkja græna netið. Þáttur hins „græna" innan hverrar tengingar er að sama skapi ólíkur. Í austurhluta byggðarinnar, sem jafnframt er nýrri, er eðlilegt að leitast við að styrkja það landslag sem fyrir er með því að auka útivistargildi og tengileika grænu geiranna. Í vesturhluta byggðarinnar þarf einnig að vinna með því landslagi sem fyrir er. Styrking grænna geira getur þar oft falið í sér að gera göturýmið grænna með götutrjám eða öðrum gróðri eða gera það og aðgengilegra gangandi og hjólandi vegfarendum. Það hversu græn tengingin er í raun ræðst því að miklu leyti af þeim möguleikum sem eru fyrir hendi á hverjum stað.



Segja má að eðli grænna tenginga í borginni breytist við Elliðaárósa.

2.3 ERLEND FORDÆMI

Borgir í nágrannalöndunum hafa á síðustu árum lagt áherslu á mikilvægi grænna svæða. Samhangandi net grænna svæða er talið bæta lífsgæði innan borganna á fjölbreyttan hátt. Með aukinni áherslu á þéttingu byggðar er sífellt mikilvægara að sameiginleg græn svæði séu aðgengileg og aðlaðandi fyrir íbúa. Einnig er umhverfisvitund fólks að aukast og þar á meðal hvernig stuðla má að heilbrigðara lífríki innan borgarinnar og sporna gegn loftslagsbreytingum.

Þar af leiðandi hafa stefnuskjöl um hlutverk og styrkingu grænna svæða víða komið fram þar sem margvísleg atriði skipta máli. Mikilvægt er að taka tillit til staðhátta og að markmið og leiðir séu skýrar. Þannig verður til sameiginleg sýn hjá borgaryfirvöldum um hvernig vegur græna netsins verði aukinn til hagsbóta fyrir alla.

2.3.3 London

Árið 2012 gaf Lundúnaborg út stefnu um græna innviði í borginni, *Opin svæði: London öll - hið græna net*. Græna netið er byggt upp í kringum núverandi borgarlandslag, s.s. ána Thames og fyrirliggjandi græn svæði. Stefnan miðar að því að grænka borgina meira og færa hana frá því að vera með aðskilin græn svæði yfir í að skarta samhangandi grænu neti sem tengir borgina saman. Lögð er áhersla á fjölbreytta notkun svæðanna og að þau séu aðgengileg frá heimilum, vinnustöðum og almenningssamgöngum.




Græn svæði og tengingar þar á milli. Kort úr stefnu Lundúnaborgar - London öll - hið græna net.

Í London, líkt og í Reykjavík, er skilgreint grænt belti utan byggðarinnar og blár borði meðfram vatnsborði árinnar Thames. Græn svæði í borginni eru flokkuð og lögð til grundvallar og ný möguleg svæði skilgreind. Milli þessara svæða eru svo skilgreindar aðalleiðir (strategic corridors) og tengingar (strategic links), sjá kort hér fyrir ofan.

2.3.4 Stokkhólmur

Stokkhólmsborg gaf árið 2010 út stefnuskjal sem ber nafnið *Gönguvæna borgin*. Þar er sett fram umfangsmikil greining á stöðu mála í borginni og sett fram stefna sem miðar að því að tengja borgina saman og styrkja hana sem heild. Meginstef stefnunnar snýst um að skilgreina ákveðna lykilpunkta í borginni sem á að styrkja sem hnútpunkta. Lögð er áhersla á að tengja þessa lykilpunkta saman með almenningssamgöngum, hjóla- og gönguleiðum.


Ólíkt stefnu Lundúnaborgar er áherslan ekki endilega á að tengja saman græn svæði heldur fyrst og fremst styrka tengingar á milli þessara hnútpunkta. Hver punktur verður þannig styrktur sem einskona miðbær hvers hverfis sem tengir það síðan við aðra hluta borgarinnar. Stefnan er nokkuð víðferm og leggur meira upp úr heildarsýn fyrir borgina um hvað eigi að gera frekar en að staðsetja nákvæmlega hvar grænum tengingum verður fyrir komið.



Skilgreindir hnútpunktar innan Stokkhólm og tengingar þar á milli.

2.4 ÆÐAKERFI GRÆNNA TENGINGA

Lagt er til að kerfi grænna tenginga í Reykjavík verði sett fram í tveimur stigum. Skilgreindir verði grænir meginásar (strategic corridors, eins konar stofnæðakerfi) og minni tengingar (strategic links, eins konar tengiæðakerfi). Þessar tengingar eru skilgreindar út frá gildandi stefnuskjölum, s.s. aðalskipulagi Reykjavíkurborgar, Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins ofl.



Skýringarmynd um samspil stofnæðanets og tengiæðanets.

Með líkingu við stofnæða- og tengiæðakerfi er sett fram hugmynd um stigskiptingu leiðanna eftir mikilvægi og þar af leiðandi ákveðna forgangsröðun. Grænar leiðir í stofnæðakerfi tengja saman stærstu og mikilvægustu grænu svæðin og mynda mikilvæga möskva í netinu. Tengiæðanetið er innan möskvanna og tengir smærri svæði, t.d. þau sem hafa hverfisbundið hlutverk. Græn svæði innan tengiæðanetsins má tengja við grænar tengingar í stofnæðanetinu.

Stefna í aðal- og svæðisskipulagi gefa sterkar vísbendingar um legu hluta tenginganna í stofnæðanetinu sem unnið er út frá við skilgreiningu þeirra í þessara skýrslu.

Myndin hér fyrir neðan sýnir þær megintengingar sem aðal- og svæðisskipulag kalla eftir og eru forsendur fyrir skilgreiningu stofnæða græna netsins.



Helstu grænu tengingar sem fyrir liggja úr núgildandi stefnuskjölum.

Á næstu síðu má svo sjá samsettar forsendur, byggðar á fyrirliggjandi stefnu, sem lagðar eru til grundvallar fyrir skilgreiningu græna netsins í þessu verkefni. Þar má sjá græn svæði, stígakerfi borgarinnar auk mikilvægustu tenginga græna netsins eins og þær eru settar fram í skipulagsáætlununum.




Samsettar forsendur fyrir skilgreiningu grænna netsins.

2.4.1 Stofnæðakerfi

Helsta hlutverk stofnæðakerfis græna netsins er að tengja saman strandlengjuna og Græna trefilinn frá fjöru til heiða. Um leið tengja stofnæðarnar saman þau grænu svæði sem mikilvægust eru fyrir borgina alla og veita íbúum aðgang að strönd og útmörk. Ferðalag um græna netið er þannig röð upplifana af ólíkum grænum svæðum sem hvert um sig hafa sín sérkenni.

Meðal þess sem gefur neti af þessu tagi gildi er að það hefur marga hnútpunkta og innan þess má fara margar ólíkar leiðir. Eðlilegt er að möskvar netsins séu ámóta stórir og borgarhlutarnir. Þannig er tryggt að grænt svæði eða græn tenging sé álíka nálæg heimilinu og önnur þjónusta sem dreift er á borgarhlutana til þess að vera borgarbúum innan seilingar. Það er þá líka nægilega gróft til þess að hver tenging hefur verulegt vægi og er líkleg til að festast í sessi sem slík. Að nokkru leyti er það þó pólitískt/skipulagslegt ákvörðunarefni hve þéttir möskvar slagæðanetsins eiga að vera.



Helstu borgarhlutar Reykjavíkur

Hér þarf ekki að hafa miklar áhyggjur af greinarmun á grænu svæði og grænni tengingu. Hvar svæðinu sleppir og tengingin tekur við er aukaatriði. Mestu máli skiptir að hvert skref á leiðinni sem valin er um netið sé stigið í umhverfi sem hefur þá eiginleika sem við óskum eftir.

Þótt netið sé kallað „Græna netið" verður hér ekki haldið fast í það að leið í stofnæðanetinu þurfi að einkennast af gróðri, heldur bjóði hún náttúruupplifun í víðari skilningi, enda er sá almennt tilgangur með útivist. Þannig verður t.d. lagt að jöfnu hvort leið einkennist af grýttri fjöru og hafi eða þéttum gróðri.

Hér eru dregin fram þau atriði sem ætla má að skipti mestu fyrir náttúruupplifun á ferðalagi um græna netið og að því fleiri atriði sem einkenna leiðina, þeim mun ánægjulegra sé ferðalagið. Hafa ber í huga að hér er um mjög huglægt mat að ræða en til skýringar er nokkrum atriðum lýst sem horfa mætti til.

- ❏ Rými og næði

  Ferðalangurinn hefur þá tilfinningu að borgarskarkalinn sé ekki mjög nálægur.

  - Næði frá hraðri umferð og athafnasvæðum og þar af leiðandi lítill hávaði.
  - Lítið um að mannvirki þrengi að rýminu eða séu plássfrek.
  - Góð skermun, t.d. með gróðri, þar sem hætta er á ónæði.
  - Staðir innan rýmisins hafa aðdráttarafl.

- ❏ Náttúrulegt yfirborð

  Yfirborð er úr náttúrulegum efnum af ýmsum toga, s.s. tré og gróður, gras eða mói, grjót eða klappir og ár, vötn eða sjór. Hvort sem er manngert eða upprunalegt.

  - Því stærri hluti yfirborðsins sem er náttúrulegur, þeim mun hærri einkunn fyrir þennan þátt.

- ❏ Greiðfærni

  Auðveld för gangandi og hjólandi, þ.m.t. stígakerfi og aðrir innviðir t.d. bekkir við áningarstaði og lýsing, til dæmis:

  - Öruggir og upplýstir stígar.
  - Auðvelt að rata og fá upplýsingar.

- Aðgengi fyrir alla.
- Góð vetrarþjónusta.

❏ Fjölbreytni

Að áhugaverða hluti beri fyrir augu og að leiðin bjóði upp á fjölbreyttar upplifanir.

- Ör umskipti eftir leiðinni í yfirborði, sjónlínum og landslagi
- Menningarlegt mikilvægi, s.s. minjar, áhugaverð byggingalist eða höggmyndir.
- Líklegt að margir séu á ferli í leik, útivist eða daglegum erindum.
- Margvíslegar húsagerðir í grenndinni.

❏ Sjónlínur

Sjónrænt samhengi við stóran hluta leiðarinnar, fjallahring eða sjóndeildarhring.

- Þekkt kennileiti gleðja augað og gefa tilfinningu fyrir því hvar maður er og hvert maður er að fara.
- Útsýni, e.t.v. á tilteknum stöðum.
- Auðvelt að sjá hvað er framundan og að baki, hver er að koma og hvers er að vænta.

❏ Sól og skjól

Landmótun og gróðursetning til þess fallin að skýla fyrir þeim vindáttum sem eru ríkjandi þegar fólk er líklegt til að vera útivið og með opnun á móti sól.

- Skjólgóðir trjálundir, þó opnir fyrir sól.
- Manir og skjólveggir til að skilgreina sérstaka staði eða hluta leiðar og skýla.
- Lítið skuggavarp af mannvirkjum.

Í næsta kafla er sett fram greining á á tengingum þar sem hver þáttur er metinn á skalanum 1 til 5 og tengingunni síðan gefin lokaeinkunn á sama skala.

Framsetning matsins verður með hefðbundnu umhverfismatsformi svo lesandi geti í fljótu bragði áttað sig á stöðu hverrar leiðar, sjá hér fyrir neðan.

++	5 - Mjög gott
+	4 - Nokkuð gott
+/-	3 - Hvorki né
-	2 - Nokkuð slæmt
--	1 - Mjög slæmt


Út frá þessari einkunnagjöf má gera tilraun til kerfisbundins mats á áhrifum þessara þátta. Hver leið getur hins vegar skipst í nokkra undirkafla sem fá misjafnlega mörg stig.

Notagildi svona matskerfis er t.d. eftirfarandi:

- ❏ Við getum notað þættina sex sem eigindlegan stuðning við mótun leiða sem til greina gætu komið.
- ❏ Við getum áætlað kostnað við tilteknar aðgerðir og metið hve mikið þær batna við aðgerðirnar. Þannig má velja þær aðgerðir sem mestu skila.

Það mætti gefa þáttunum sex misjafnt vægi en þá þarf að gæta þess að nota alltaf sömu vægisstuðla. Það getur verið hált á þeim ís, því svona mat telst ekki til þeirra vísinda sem bjóða mikla nákvæmni.

Með fyrrgreindar röksemdir í huga er sett fram fyrsta tillaga að meginásum græna netsins sem sýnd er á mynd hér fyrir neðan. Tillagan byggir á fyrirliggjandi stefnu en er síðan útfærð frekar. Litur hvers meginass segir til um á hvaða forsendum hann er valinn. Grænu ásarnir mótast af fyrirliggjandi grænum geirum auk stefnumörkunar í aðal- og svæðisskipulagi. Bláu ásarnir eru mikilvægar útivistarleiðir meðfram strandlínunni. Appelsínugulu ásarnir koma inn sem mikilvægar tengingar til framtíðar milli þegar skilgreindra ása, m.a. í þeim tilgangi að gera möskva netsins hæfilega stóra.



Tillaga að meginásum stofnæðakerfis Reykjavíkurborgar með hliðsjón af stefnumörkun í aðalskipulagi og svæðisskipulagi. Litaflokkun ræðst af uppruna hverrar tengingar.

Næst eru stofnæðarnar sjálfar kortlagðar nánar og í framhaldinu stungið upp á nokkrum auka leiðum til að þétta stofnæðanetið. Fyrst bætt við leiðum meðfram útmörkunum við græna trefilinn sem tengja netið betur á austurjaðrinum. Þær þarf síðan að útfæra nánar þegar nákvæmari stefna um útfærslu græna trefilsins liggur fyrir. Síðan eru skilgreindir tengipunktar þar sem græna netið innan þéttbýlis Reykjavíkur tengist við útmörkina eða önnur sveitarfélög taka við. Í öðru lagi er bætt við stofnæðum til að minnka möskvana en í þeim tilgangi er bætt við tengingu um Suðurgötu (en einnig vegna þess að óvissa er um framtíð Vatnsmýrarinnar), gegnum Háaleitisbraut og í gegnum Grafarvogshverfi. Í þriðja lagi er bætt við stofnæð um Breiðholtið sem tengir þannig betur syðstu byggðir borgarinnar.

Eftir þessa kortlagningu og yfirferð kemur fram ítarlegri tillaga af stofnæðakerfinu sem sýnd er á mynd hér á næstu síðu.



Tillaga að stofnæðaneti auk tengipunkta við græna trefilinn og önnur sveitarfélög. Brotalínur sýna leiðir sem afstaða hefur ekki verið tekin til eða þar sem margir möguleikar eru fyrir hendi. Vatnsmýrin er höfð daufari vegna flugvallarins sem óvíst er hvenær fer.





Hér má sjá útmörk þéttbýlis til austurs og vesturs sem stofnæðum er ætlað að tengja saman; annars vegar mörk byggðar í austurhluta við Hólmsheiði og hinsvegar mörk byggðar í vesturhluta við Ánanaust og Granda.

2.4.2 Tengiæðakerfi

Helsta hlutverk tengiæðakerfis græna netsins er að mynda vef tenginga milli smærri grænna svæða innan möskvanna í stofnæðakerfinu. Tengiæðakerfið getur myndað tengingar hvar sem er við svæði eða leiðir innan stofnæðakerfisins.

Tilgangur tengiæðakerfisins er að mynda áhugavert grænt net á forsendum nærumhverfis, til að gera för um hverfið ánægjulegri og veita aðgang að stofnæðakerfinu. Í samræmi við þennan tilgang þarf góð tenging innan tengiæðakerfisins að uppfylla að hluta til aðrar kröfur en stofnæðarnar. Stungið er upp á eftirfarandi matsþáttum:

- ❏ Náttúruríkt borgarumhverfi

  Farið er um þar sem gróður í einkagörðum eða almenningsrými er ríkulegur og nálægur. Önnur náttúruleg yfirborð, t.d. vatn og holtagrjót geta talist jafngild.

- ❏ Kyrrð

  Bílaumferð er lítil og hægfara á nálægum götum.

- ❏ Greiðfærni

  Auðveld og hjólandi, þ.m.t. bekkir og lýsing. Strætó skammt undan.

- ❏ Fjölbreytni

  Ör umskipti eftir leiðinni í byggingalist, þjónustu, gróðurtegundum o.þ.h.

- ❏ Sjónlínur

  Sjónrænt samhengi við kennileiti í borginni, fjallahring eða sjóndeildarhring.

- ❏ Sól og skjól

  Mannvirki og gróðursetning til þess fallin að skýla fyrir þeim vindáttum sem eru ríkjandi þegar fólk er líklegt til að vera útivið og með opnun á móti sól.

- ❏ Öryggi

  Að öryggi vegfarenda sé tryggt.

Nota má samskonar matskerfi til að greina mismunandi leiðir sem til greina koma og aðgerðir til að minnka viðnám þeirra. Hér til hliðar má sjá tillögu að kortlagningu tengiæða borgarinnar, en þær má einnig skoða nánar á næstu síðu.



Tillaga að kerfi grænna æða borgarinnar, grænar línur sýna mögulegar grænar æðar.

Nákvæm athugun á tengiæðunum er utan ramma þessa verkefnis en gert er ráð fyrir að sú vinna verði tekin inn í deili- og hverfisskipulög eftir því sem við á. Þar gæti kerfi stofn- og tengiæða sem hér er kynnt verið ein af helstu forsendum.

Athuga ber að tengiæðarnar eru ekki eins fastmótaðar og stofnæðarnar og því getur lega þeirra í raun verið á ýmsa vegu svo framarlega sem tilgangi þeirra er náð. Því eru nokkuð margar mögulegar grænar tengiæðar lagðar upp í kortlagningunni á þessu stigi. Fjöldi og lega tengiæðanna eru að einhverju leyti pólitísk ákvörðun sem ætti að mótast af stefnu borgarinnar og framtíðarsýn fyrir hvern hverfishluta fyrir sig.

Lega og fjöldi tengiæða ætti því að ákvarðast á stigi hverfa- eða deiliskipulags.



Tillaga að kerfi grænna æða borgarinnar - Grænar línur eru tengiæðar og rauðar stofnæðar. Brotalínur sýna tillögur sem ættu kannski eða kannski ekki að vera með.



Tillaga að kerfi grænna æða borgarinnar. Rauðar línur sýna stofnæðar og dökkgrænar tengiæðar.



Appelsínugular línur sýna stígakerfi borgarinnar eins og þær eru skilgreindar í Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hér fyrir ofan má sjá tvær myndir sem draga fram samanburð á tillögu að grænu neti annars vegar og stígakerfi borgarinnar hins vegar. Nauðsynlegt er að átta sig á hvernig þessir tvö kerfi spila saman. Eðlilega eru ekki allir göngustígar sem skilgreindir eru í aðalskipulagi grænar tengingar og taka þarf ákvörðun um það hversu margar og þéttofnar grænu tengingarnar eiga að vera. Það er líka eðlilegt að það sé mismunandi eftir svæðum, en sem dæmi ættu íbúahverfi að hafa fleiri grænar tengingar en iðnaðarhverfi.

Í framhaldi af þeim vangaveltum er mikilvægt að borgin átti sig á hvers konar sess það gefi leið að vera skilgreind sem græn tenging og hvaða lágmarkskröfur eru gerðar til hennar. Þá þarf að finna jafnvægi milli fjölda tenginga og gæða þeirra. Hugsanlega er betra að hafa tengingar færri og meiri „umhverfisgæði" á hverri þeirra, hinsvegar gæti að sama skapi verið betra að hafa fleiri tengingar sem hver um sig hefur aðeins minni umhverfisgæði. Þetta er fer eftir hvaða stefnu borgin vill taka.

2.5 TENGING VIÐ KJALARNES

Kjalarnes hefur verið undanskilið í fyrrnefndum greiningum vegna fjarlægðar frá öðru þéttbýli í Reykjavík. Þéttbýlið á Kjalarnesi hefur skýra sérstöðu sem fámennasta hverfi Reykjavíkur og umlukið landbúnaðarsvæðum.

Af þessu leiðir að önnur lögmál gilda um Kjalarnesið en annað þéttbýli í Reykjavík. Leið út á Kjalarnes er í eðli sínu í öðrum skala en hinar leiðirnar innan þéttbýlis Reykjavíkur, enda liggur hún að stórum hluta um dreifbýli og í gegnum annað sveitarfélag, Mosfellsbæ. Áhugi er á því að tengja Kjalarnesið betur við restina af þéttbýli Reykjavíkur með öflugri grænni tengingu. Á kortinu hér fyrir neðan voru helstu forsendur fyrir slíka tengingu úr aðalskipulagi Reykjavíkur teknar saman. Stígakerfi í Mosfellsbæ var einnig lagt til grundvallar.



Helstu forsendur

Þegar forsendur eru rýndar kemur í ljós að tvær meginleiðir eru færar í útfærslu á stofnæð milli þéttbýlishlutanna. Önnur liggur meðfram sjónum, í mikilli náttúrufegurð en er nokkuð hlykkjótt og löng. Hin leiðin er meðfram núverandi þjóðvegi, þar er líka fallegt en þunga bílaumferð nálæg. Hún er jafnframt styttri og greiðfærari.



Stofnæðar

Velja þarf stofnæð út á Kjalarnes. Vegna vegalengdarinnar kunna kostnaðarsjónarmið að vega þungt og kanna þarf staðhætti betur. Á kortinu hér að ofan er styttri leiðin meðfram þjóveginum sýnd sem aðalleiðin en hin kæmi einnig sterklega til greina.

3 GREINING STOFNÆÐA

Í þessum kafla fer fram greining á gæðum og stöðu stofnæðanetsins. Þetta er gert með kerfisbundinni yfirferð sem ætlað er að gefa heildarsýn á stöðu mikilvægustu grænu tenginga borgarinnar.

Greining er framkvæmd með því að skipta netinu niður í minni hluta eða stakar stofnæðar með samræmd einkenni og meta gæði hverrar þeirra. Einnig voru teknar með þær leiðir sem óvissa er um eða þar sem velja þarf á milli mismunandi kosta (sýndir með punktalínum á korti). Með því er hægt að nýta matið til að vega og meta kosti og galla hverrar leiðar áður en lokaákvörðun er tekin. Ekki voru metnar stuttar tengingar sem liggja aðeins að útmörkum þéttbýlis eða að sveitarfélagamörkum. Hér fyrir neðan má sjá stofnæðanetið eins og það var lagt upp fyrir matið.



Tillaga að stofnæðakerfi borgarinnar. Brotalínur sýna tillögur þar sem óvissa er um leiðarval (Fossvogsbrú er sýnd á korti en er ekki hluti af mati.

Gæði hverrar stofnæðar eru metin út frá eftirfarandi þáttum líkt og lýst var nánar hér að framan í kafla 2.4.1:

- Rými og næði
- Náttúrulegt yfirborð
- Greiðfærni
- Fjölbreytni
- Sjónlínur
- Sól og skjól

Hver þáttur er metinn til stiga á skalanum 1-5 og tilheyrandi lit eins sjá má í töflunni hér fyrir neðan. Svo fær hver leið lokaeinkunn á saman skala sem reiknuð er út frá meðaltali þessara sex þátta.

++	5 - Mjög gott
+	4 - Nokkuð gott
+/-	3 - Hvorki né
-	2 - Nokkuð slæmt
--	1 - Mjög slæmt

Að lokum er greint frá samræmi við stefnu í skipulagi, helstu úrbótum og hvort einhver sérstök tækifæri felist í þróun svæðisins í náinni framtíð.


Matið ber að skoða með því hugarfari að það er ekki einhlítt eða óskeikult enda yfirferðin hröð og tilgangur hennar fyrst og fremst að fá yfirsýn yfir stöðu mála. Annað sem þarf að athuga er að möguleikar til úrbóta geta verið mjög mismiklir eftir aðstæðum.

Í næsta kafla er samantekt á niðurstöðum matsins en niðurstöður á mati hverrar stofnæðar fyrir sig er að finna í viðauka.

3.1 YFIRLIT YFIR NIÐURSTÖÐUR MATS

Yfirferðin leiðir í ljós að víða er ástand grænna tenginga í borginni gott en annars staðar má ýmislegt bæta.

Á kortinu hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir einkunn grænu tenginganna. Eins og sjá má eru margar nokkuð góðar og aðeins ein tenging fær beinlínis slæma lokaeinkunn. Þá ber að hafa í huga að þessar leiðir eru lang flestar í eðli sínu vel til þess fallnar að vera grænar tengingar og því fá t.d. flestar tengingar þar sem göngustíga skortir „hvorki né" einkunn og koma væntanlega mun betur út þegar gönguleiðinni hefur verið bætt við.



Lokaeinkunn hverrar stofnæðar í matinu, en gæði leiðanna eru tilgreind með litaskala.

Hér má sjá samantekt yfir einkunnir hverrar stofnæðar, en nánari rökstuðning á matinu má sjá í viðauka.

Heiti kafla/ lokaeinkunn	Rými og næði	Nátt. yfirborð	Greið-færni	Fjöl-breytni	Sjón-línur	Sól og skjól
Eiðsgrandi						
Álanaust						
Reykjavíkurhöfn						
Lækjargata						
Fríkirkjuvegur/ Hljómskálag.						
Sæbraut						
Laugalækur/ Kirkjusandur						
Samhliða Reykjavegi						
Laugardalur						
Tenging við Laugardal						
Suðurlandsbraut - vestur						
Suðurlandsbraut - austur						
Frostaskjól						
Ægissíða						
Skildinganes að Öskjuhlíð						
Suðurgata - suður						
Suðurgata - Hljómskála. (A)						
Suðurgata - Hljómskála. (B)						
Fossvogur - strandleið						
Háaleitisbraut						

Heiti kafla/ lokaeinkunn	Rými og næði	Nátt. yfirborð	Greið-færni	Fjöl-breytni	Sjón-línur	Sól og skjól
Klambratún - Laugard. (A)						
Klambratún - Laugard. (B)						
Klambratún - Laugard. (C)						
Fossvogsdalur						
Meðfram Öskjuhlíð						
Tenging við BSÍ						
Mislæg gatnamót við Hringb.						
Utan við Gerði						
Utan við Voga						
Við Elliðaárvoga						
Við Geirsnef						
Elliðavogur						
Suðurhlið Grafarvogs						
Norðurhlið Grafarvogs						
Gufuneshöfði						
Gufunes						
Blikastaðarkró						
Korpa						
Fossvogur - strandleið						

** Lokaeinkunn lækkuð niður í gult vegna skorts á gönguleið*

Heiti kafla/ lokaeinkunn	Rými og næði	Nátt. yfirborð	Greið-færni	Fjöl-breytni	Sjón-línur	Sól og skjól
Út á Gufunes						
Meðfram Vesturlandsvegi						
Grafarlækur						
Meðfram Grafarvogsvelli						
Meðfram Grafarholti						
Upp að Úlfarsfelli*						
Gegnum Úlfarsárdal*						
Neðri Elliðaárdalur - norður						
Neðri Elliðaárdalur - suður						
Efri Elliðaárdalur - norður						
Efri Elliðaárdalur - suður						
Milli efra og neðra Breiðholts						
Frá Suðurfelli að ÍR (A)						
Frá Suðurfelli að ÍR (B)						
Neðan Þverársels						
Frá Grafarh. að Hádegism.						
Meðfram Rauðavatni						
Meðfram Breiðholtsbraut						
Meðfram Vesturlandsvegi *						

Eins og sjá má í samantektinni hér fyrir framan hafa stofnæðarnar mismunandi kosti og galla. Vandamálin eru ólík eftir staðsetningu og samhengi hverrar leiðar.

Verstu einkunnina fær stofnæð við mislæg gatnamót við Hringbraut. Þar vantar sárlega tengingu á mikilvægum stað og í raun þarf svæðið þar í kring nokkra yfirlegu til að leysa grænu tengingarnar, sérstaklega í ljósi þróunar á svæðinu á næstu árum. Aðrar stofnæðar þar sem göngustíg vantar eru flestar í jaðri byggðarinnar þar sem flækjustigið er minna og fremur einfalt ætti að vera að bæta úr málum og leggja stíg. Í öllum þessum tilfellum eru leiðirnar skilgreindar sem stofnstígar í aðalskipulagi, sem gefur þeim aukið vægi.

Á mörgum stöðum eru stofnæðarnar til fyrirmyndar á stórum köflum; vel útfærðar, aðlaðandi og greiðfærar. Besta samhangandi leið netsins liggur í gegnum Elliðaárdal, svo Fossvog og meðfram ströndinni út á Ægissíðu. Á öðrum stöðum eru mjög fínir kaflar umkringdir síðri tengingum sem mætti bæta. Í raun má segja að allar tengingar sem fá einkunn frá 4-5 (grænar) séu í meginatriðum góðar en þær sem hafa einkunn í kringum 3 (gular) þurfi að bæta.

Vert er að hafa í huga að misjafnlega erfitt er að bæta þá þætti sem matið nær til, allt eftir eðli og aðstæðum enda eru leiðirnar misjafnlega vel til þess fallnar að gegna hlutverki grænnar tengingar. Sem dæmi er næsta ómögulegt að bæta skjól á strandleiðum sem eru í eðli sínu opnar fyrir vindi. Á hinn bóginn er nokkuð einfalt að gróðursetja tré til að bæta náttúrulegt yfirborð eða setja niður bekk til að bæta greiðfærni fyrir eldri borgara.

Í mörgum tilfellum eru svo úrlausnarefnin ekkert einföld og krefjast góðrar hönnunar, það á t.d. við þar sem náttúruleg yfirborð eða fjölbreytni vantar í þéttri borgarbyggð.



Mjög góð græn tenging liggur í gegnum Elliðárdal (efri mynd) að Ægissíðu (neðri mynd).

3.2 HELSTU ÚRLAUSNAREFNI

Stofnæðanet grænna tenginga í Reykjavík má bæta með ýmsum hætti en mikilvægustu aðgerðunum má skipta niður í þrjá flokka; bæta aðgengi, auka umhverfisgæði og tryggja læsileika.

3.2.1 Aðgengi

Stefna ætti að því að innviðir grænna tenginga í Reykjavík styðji við aðgengi fyrir alla, s.s. fólk í hjólastólum og með barnavagna. Þar eru göngustígar með föstu yfirborðsefni og án hindrana lykilatriði. Stígarnir verða jafnframt að tengjast vel saman og þvera götur á öruggan og aðgengilegan hátt. Fyrir eldri borgara getur einnig skipt máli að hafa bekki eða önnur sæti með reglulegu millibili. Að lokum er góð lýsing við leiðir öryggisatriði sem er sérstaklega mikilvægt í norðlægri borg eins og Reykjavík.



Gangstétt með föstu yfirborði þar sem aðgengi fyrir hjólastóla og barnavagna er tryggt, bæði á sumri og að vetri.

Í þessari greiningu hefur aðgengi áhrif á þá einkunn sem gefin er fyrir *greiðfærni*. Eins og áður sagði eru mest aðkallandi úrlausnarefnin þar sem stíg einfaldlega vantar á leið (eða hluta hennar). Segja má að það sé í öllum tilfellum mikilvægt úrlausnarefni, sérstaklega á stöðum sem eru mikilvægir tengipunktar. Á kortinu hér fyrir neðan eru sýndar með rauðum lit þær stofnæðar þar sem stíga vantar skv. greiningu. Þar má sérstaklega benda á tengingu við mislæg gatnamót á Hringbraut og tengingu við Kópavog neðan við Þverársel í Breiðholti.



Stofnæðar án stíga eru litaðar rauðar og malarstígar eru rauðar brotnar línur.

Á stöku stað eru stígar með malaryfirborð og því mætti einnig bæta þá með því að bæta við föstu yfirborði, dæmi um það eru við sunnanverðan Grafarvog og hluta stígar við Korpu.

Í þessari greiningu var reynt að taka tilliti til bekkja og áfangastaða við leiðir en umfang verksins leyfði ekki tæmandi athugun á slíkum atriðum. Gott er að hafa í huga að bekkir ættu að vera með reglulegu millibili (helst 100 m) á stofnæðum.

Lýsingu má einnig bæta víða og stundum er hún það eina sem vantar á annars stórfínum tengingum, s.s. við Skildinganes og sumstaðar í Elliðaárdal.

3.2.2 Umhverfisgæði

Til þess að grænar tengingar séu aðlaðandi útivistarkostur er mikilvægt að þær bjóði upp á fallegt, skjólsælt og fjölbreytt umhverfi. Margvíslegar leiðir má fara til að bæta umhverfisgæði grænna tenginga og ólíkar lausnir viðeigandi á ólíkum stöðum. Víða mætti gróðursetja tré og gera þannig umhverfið grænna og fjölbreyttara og bæta skjól. Hinsvegar væri slíkt glapræði á stöðum þar sem útsýni er helsta skart leiðarinnar og tré geta skyggt á, s.s. víða á strandsvæðum. Heildarupplifun ræðst þannig af samspili ólíkra þátta.

Í þessari greiningu er fjallað um hluti sem snúa að umhverfisgæðum undir eftirfarandi matsþáttum; *rými og næði*, *náttúruleg yfirborðsefni*, *fjölbreytni*, *sjónlínur* og *sól og skjól*. Þessa þætti er að einhverju leyti erfitt að meta og er að hluta til huglægt mat hvers og eins. Heilt á litið eru þessir þættir í góðu horfi í Reykjavík, en alltaf má gera betur.

Brýnt er að bæta umhverfi á grænum tengingum sem eru nærri umferðarþungum götum, s.s. við Miklubraut, Hringbraut, Vesturlandsveg eða Háaleitisbraut.

Rými og næði er yfirleitt mest í jaðri byggðar, við útmörk eða sjó, eða innan gróðursælla grænna svæða. Gæði grænna tenginga ráðast oft af þáttum sem erfitt er að breyta, svo sem stórum umferðagötum, miklu útsýni eða nálægð við villta náttúru. Rými og næði má þó stundum bæta með því að skerma af óæskilega hluti og gera æskilegum hlutum hærra undir höfði.

Náttúrulegt yfirborð er eðlilega helst að finna þar sem land er ósnert s.s. við skóga, kletta, ár, læki eða sjó. Það er þó oftast að einhverju leyti manngert. Víða er tækifæri til að auka náttúrulegt fyrirborð, t.d. í göturými þar sem steypa ræður ríkjum. Þar má slá nokkrar flugur í einu höggi með því með auknum gróðri verður umhverfið fjölbreytilegra, vistkerfaþjónusta öflugri og beita má blágrænum ofanvatnslausnum (sem fjallað verður um nánar í kafla 3.4.1).



Lítt snert náttúra á grænu svæði.



Dæmi um göturými sem hefur verið grænkað með blágrænum ofanvatnslausnum.

Þegar kemur að fjölbreytni er almennt verra að vera nálægt mjög stórum umferðargötum, í einsleitu göturými eða byggð þar sem fátt áhugavert er að sjá. Við umferðargötur má bæta fjölbreytnina með því skerma umferðina af þegar rými er til þess, eða lífga upp á göturýmið með einhverjum hætti. Fjölbreytni almennt má svo bæta með áhugaverðum hlutum í nærumhverfi s.s. gróðri, landslagsmótun, listaverkum eða götugögnum. Kjörið er að vinna með náttúrulega eiginleika svæðisins og gera þeim hærra undir höfði.



Dæmi um listaverk sem bætir umhverfisgæði.



Dæmi um götugögn við gönguleið

Sjónlínur, sól og skjól eru þættir sem getur verið snúið að umbreyta. Sjónlínur má stundum bæta með því að beina sjónlínum að áhugaverðum hlutum eða með því að bæta útsýni. Sól er aðeins hægt að bæta með því að fjarlægja skuggavald og skjól má auka með trjágróðri, ákveðnum tegundum bygginga og landslagsmótun.

3.2.3 Læsileiki


Til að net grænna tenginga virki sem skyldi þurfa þær að vera læsilegar og leiða fólk áfram. Þessu er hægt að ná fram með ýmsum hætti, s.s. með merkingum en heppilegast er að vegfarandinn skynji einfaldlega á umhverfinu hvert leiðin liggur. Læsileiki var meðal þess sem hafði áhrif á einkunn sem gefin var fyrir matsþáttinn *greiðfærni*.

Læsileiki var yfirleitt metinn sístur þegar grænar tengingar liggja gegnum íbúðabyggð og margar leiðir koma til greina. Dæmi um þetta er tenging í gegnum við Kaplaskjólsveg og Frostaskjól sem tengir saman Ægissíðu og Eiðsgranda. Þó að gangstéttir séu til staðar og og auðvelt sé að komast leiðina að öðru leiti þá er óljóst hvaða leið best sé að fara til að komast áfram í græna netinu og það dregur það úr gæði leiðarinnar sem grænnar tengingar.



Dæmi um illa læsilega tengingu í stofnæðaneti milli Ægissíðu og Eiðsgranda um Frostaskjól.


Bæta má læsileika með ýmsum ráðum. Ein leið væri að auka einfaldlega gróður í göturými til þess að vegfarandinn lesi hana sem „grænustu" leiðina. Þveranir yfir götur mætti hafa sérlega veglegar á grænum tengingum. Merkingar og leiðarvísar koma einnig til greina.



Hér er einfalt dæmi um auðkennandi yfirborðsmerkingar til að að leiða fólk áfram (mynd frá borghildur.info).


3.3 ÁHUGAVERÐ TÆKIFÆRI

Margar grænar stofnæðar liggja um svæði sem eru í þróun samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur sem bjóða upp á sérstök tækifæri. Þróun þessara svæða eru komin mjög mislangt en í sumum þeirra er komin fram mótuð tillaga um framtíðaruppbyggingu og framkvæmdir jafnvel hafnar.



Stofnæðar sem liggja um eða mjög nálægt þróunarsvæðum í aðalskipulagi.

Víðast hvar eru hugmyndir um þróun svæðanna í nokkuð góðu samræmi við það að um þær liggi græn tenging. Þrátt fyrir það er ástæða til að draga sérstaka athygli skipuleggjenda og þróunaraðila að grænu tengingunni og stöðu hennar sem stofnæð, sem gerir hana að sérstaklega mikilvægri undirstöðu í grænu neti borgarinnar.



Dæmi um þróunarsvæði við Elliðavog þar sem fyrir liggur Rammaskipulag sem er í nokkuð góðu samræmi við græna tengingu.

Dæmi um tvö mikilvæg þróunarsvæði sem stofnæð græna netsins liggur um eru annarsvegar græn tenging sem liggur um Reykjavíkurhöfn og hinsvegar græn tenging við Elliðaárósa. Þær eru líka áhugaverð dæmi að því leyti að þær kalla líklega á mjög mismunandi útfærslur. Hafnarleiðin mun vinna með sjóinn með fremur litlum gróðri og því að nokkru leyti óhefðbundin græn leið. Þar verður læsileiki sérstaklega mikilvægur þáttur til að skoða. Elliðavogur kallar hinsvegar á lausn með hefðbundnari grænum geira líkt og lagðar hafa verið línur um í rammaskipulagi svæðisins.

Önnur tækifæri felast í stöðu leiða sem borgargötur eða stofnstígar í aðalskipulagi. Mjög stór hluti leiða í stofnæðakerfinu eru einnig stofnstígar og margar stofnæðar sem liggja um þétta byggð eru einnig skilgreindar sem borgargötur í aðalskipulagi. Við þessar aðstæður skapast augljós samlegðaráhrif þar sem umbætur sem stuðla að betri borgargötum eða stofnæðum ættu einnig að styrkja leiðirnar sem grænar tengingar.



Dæmi um þróunarsvæði við höfnina í Reykjavík við Vesturbugt þar sem fyrir liggur deiliskipulag sem er í nokkuð góðu samræmi við græna tengingu.

4 MIKILVÆGAR GREININGAR Í FRAMHALDI

Í þessari skýrslu hafa grænar tengingar í Reykjavíkurborg verið skilgreindar, kortlagðar og greindar með því markmiði að framfylgja stefnu aðalskipulags Reykjavíkur í málaflokknum.

Í upphafi var gengið út frá því að skilgreina og meta grænar tengingar sem net með tveggja þrepa stigskiptingu með áherslu á grannfræðilega eiginleika. Þetta var gert til að auðveldara væri að leiða fram heilstætt net leiða sem tengja mikilvæg græn svæði. Þó er alveg ljóst að græna netið gegnir öðrum veigamiklum hlutverkum, svo sem þjónusta þeirra við vistkerfið og samspil þeirra við blágrænar ofanvatnslausnir og því mikil ástæða til að taka tillit til þessara hlutverka í framhaldinu. Sérfræðingar á þessum sviðum geta tekið við keflinu og mótað áfram stefnu borgarinnar í þeim málaflokkum í samhengi við græna netið. Þá þarf að taka tillit til ýmissa atriða sem varða netið sjálft aðeins óbeint, t.d. landhalla og jarðvegs. Hlutverk grænna tenginga sem útivistarnets, vistkerfisnets og nets blágrænna ofanvatnslausna spila saman að mörgu leyti en eru einnig á margan hátt ólík.

Hér fyrir neðan verður stiklað á stóru um þessar greiningar sem mikilvægt er að gera í framhaldi.

4.1 SAMSPIL VIÐ VISTKERFAÞJÓNUSTU

Grænar tengingar eru mikilvægar fyrir líffræðilega fjölbreytni innan borgarinnar. Bæði geta þær verið mikilvæg búsvæði fyrir fjölbreyttar lífverur, plöntur og dýr, og verið mikilvægir samgönguásar þegar þær flytja sig á milli stærri grænna svæða. Í Reykjavík ber helst að nefna fugla og hryggleysingja, einkum skordýr, auk plantna og sveppa sem nýta grænu tengingarnar.

Grænar tengingar eru auk þess afar mikilvægar til að efla ýmsa vistfræðilega ferla í náttúru borgarinnar. Þar má nefna hringrás næringarefna og vatns, myndun og mótun jarðvegs, ljóstillífun og hreinsun mengunarefna. Grænar tengingar innan borgarinnar eru mjög misöflugar til að sinna þessum hlutverkum. Aukið rými fyrir jarðveg og lífverur, fjölbreytni í gróðri og nálægð við stærri græn svæði skapar allt betri skilyrði fyrir þessa líffræðilegu ferla.

Skilvirk og stöðug vistkerfisþjónusta er lykilforsenda þess að viðhalda verðmætum umhverfisgæðum í borgarlandslaginu. Bætt vistkerfisþjónusta hefur einnig yfirleitt jákvæð áhrif á umhverfisgæði grænna tenginga og þannig upplifun fólks af því að heimsækja þau. Þessi tvö hlutverk grænna tenginga þurfa þó ekki endilega að fara saman og stundum getur verið nauðsynlegt að halda þessu aðskildu. Þarfir mannfólks og annarra lífvera geta verið ólíkar og eðlilegt að grænar tengingar endurspegli það. Oft getur líka þurft að vernda mikilvægt lífríki fyrir umgangi fólks.

Þess vegna er mikilvægt að vistkerfaþjónusta græna netsins sé metin á eigin forsendum og byggi ef til vill að hluta til á þeirri greiningu sem hér liggur fyrir auk aðgerðaráætlunar stefnu um líffræðilega fjölbreytni. Aðkoma sérfræðinga og heildarsýn er mikilvæg.



Dæmi um fuglalíf nærri þéttbýli. Kríur á flugi í nálægð við byggð.

4.2 SAMSPIL VIÐ BLÁGRÆNAR OFANVATNSLAUSNIR


Blágrænar ofanvatnslausnir eru leið til að veita ofanvatni í jarðveg á náttúrulegan hátt sem hefur notið vaxandi vinsælda. Þannig er stuðlað að heilbrigðara vistkerfi með því að viðhalda hærri grunnvatnsstöðu og náttúrulegri hringrás vatns innan þéttbýlis. Auk þess verður meiri sveigjanleiki í veitukerfinu til þess að taka á móti miklu regnvatni og sporna þannig gegn flóðum sem hafa færst hefur í aukana víða um heim með loftslagsbreytingum. Margar borgir í nágrannalöndum okkar hafa því verið að setja fram stefnu um aukið vægi blágrænna ofanvatnslausna. Innleiðing þeirra í Reykjavík er jafnframt hluti af aðgerðaáætlun borgarinnar í loftslagsmálum.

Græn svæði í þéttbýli gegna lykilhlutverki í blágrænum ofanvatnslausnum því að þar kemst vatnið auðveldlega niður í jarðveginn. Þar er jafnframt tækifæri til að safna saman ofanvatni í svokallaðar settjarnir, en þaðan sígur vatnið síðan smátt og smátt niður í jarðveginn.

Grænar tengingar er jafnframt mikilvægur þáttur í hönnun blágrænna ofanvatnslausna því þar skapast tækifæri til að taka á móti vatni frá ógegndræpum yfirborðum í nærumhverfinu, veita því niður í jarðveg, eða leiða það áfram að næsta græna svæði þegar mikil úrkoma er. Þess vegna eru blágrænar ofanvatsnlausnir yfirleitt hannaðar í nánu samhengi við grænt net borgarinnar. Samspil blágrænna ofanvatnslausna og grænna svæða eða tenginga býður líka oft upp á fjölbreyttar lausnir í landslagshönnun sem getur aukið umhverfisgæði svæðisins og aukið sýnileika vatns í nærumhverfinu.

Stefna borgarinnar um blágrænar ofanvatnslausnir nýtir því stefnu um græn svæði og grænar tengingar sem grunn og byggir ofan á hana. Hinsvegar fara gæði og tækifæri grænna svæða og tenginga m.t.t. útivistar ekkert endilega saman við gæði og tækifæri þegar kemur að blágrænum ofanvatnslausnum. Samspil blágrænna ofanvatnslausna og annarrar vistkerfaþjónustu í þéttbýli er einnig mikilvægt.

Stefna um blágrænar ofanvatnslausnir tekur jafnframt inn marga aðra þætti, s.s. hæðasetningu lands, flatarmál ógegndræps yfirborðs, jarðveg, helstu rennslisleiðir, núverandi veitukerfi og fleira. Kjörið er að hafa stefnu og leiðbeiningar úr nágrannaborgum til hliðsjónar. Mikilvægt er að slík stefna sé gerð í nánu samstarfi við sérfræðinga í veitumálum á borginni.





Myndir úr skýrslum á vegum Lundúnaborgar sem fjalla um stefnu og innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna. Neðri myndir sýnir jafnframt dæmi um grænkun göturýmis með blágrænum ofanvatnslausnum.

5 SAMANTEKT

Sett var fram aðferðafræði til að álykta um hvar skuli vera grænar tengingar milli mikilvægra útivistarsvæða, með hliðsjón af stefnu í skipulagi. Við greininguna voru dregin saman gögn um ýmsa þætti sem skipta máli, t.d. stígakerfi, græn svæði ofl.

Kjarninn í aðferðafræðinni felst í hugmynd um netkerfi tenginga á tveimur stigum en hér er aðallega fjallað um tengingar á efra stiginu, þ.e. stofnæðarnar. Við mat á hæfilegri möskvastærð koma fram tillögur um leiðir sem áhugavert gæti verið að innlima inn í græna netið og gera þannig helstu útivistarsvæði aðgengilegri. Í þessu sambandi má nefna Suðurgötu, Háaleitisbraut og tengingu milli Vatnsmýrar og Laugardals með viðkomu á Klambratúni.

Sett er fram matsaðferð til að auðvelda yfirsýn og til að beina athyglinni að stöðum sem kalla á úrbætur. Niðurstaða um stakar leiðir byggist á mati á eðli og gæðum tenginganna samkvæmt þessari aðferð.

Myndræn framsetning leiðanna gerir grein fyrir því hvernig þær dreifast um borgina og hvar helst þarf að bæta úr.

Vonast er til að vinnan skapi góðan grunn upplýsinga um grænar tengingar í Reykjavík. Hún komi að gagni, bæði við innleiðingu stefnu aðalskipulags og forgangsröðun framkvæmda og sem grunnur fyrir áframhaldandi greiningar í borginni. Þannig styrkist borgarumhverfi Reykjavíkur til útivistar og heilsubótar.



6 VIÐAUKI - GREININGAR

EIÐSGRANDI

Strandleið með fjallasýn frá Seltjarnarnesi að Hringbraut (1,1 km).

Rými og næði	Víðáttumikið rými til norðurs (++), nokkur umferð 50 km hraði (-), stígur þó nokkuð frá götu (+)
Náttúrulegt yfirborð	Gras og fjara (+), sjórinn (+), gata (-) og byggingar (+/-).
Greiðfærni	Malbik (+), óbein lýsing frá götu (+), áningarstaðir (+) og nokkrir bekkir (+), mikill læsileiki (+).
Fjölbreytni	Nokkur einsleitni (-), áningarstaðir og útsýni (+).
Sjónlínur	Mikið útsýni (++) yfir haf og fjöll.
Sól og skjól	Lítið skjól (-), hafvindar úr norðvestri (--), opnun móti sól (+), snýr þó í norður (-).
Lokaeinkunn	**3,7 af 5 - Nokkuð góð. Lítilla úrbóta þörf**

Staða skipulags

Strandsvæði og stofnstígur í ASK. Meðfram stofnbraut.

Nýtt deiliskipulag er í kynningu fyrir svæðið þar sem markmiðið er að efla möguleika til útistar og áningar árið um kring. Deiliskipulagið mun því efla stöðu svæðisins sem stofnæð í græna netinu.

Helstu úrbætur

Svæðið þarfnast lítilla úrbóta og mun nýtt deiliskipulag fyrir svæðið efla það enn frekar. Ekki er ástæða til að bregðast við litlu skjóli á svæðinu, enda hluti af karakter og eðli þess.





ÁNANAUST

Strandleið sem færir sig smátt og smátt inn í borgarskarkalann við Granda (400m).

Rými og næði	Víðáttumikið rými til norðurs (++), nálægt götu með mikilli umferð - 50 km hraði (-). Minnkar til austurs (-).
Náttúrulegt yfirborð	Gras og fjara (+), sjórinn (+), gata (-) og byggingar (+/-). Minnkar til austurs.
Greiðfærni	Malbik (+), óbein lýsing frá götu (+), læsileiki leiðar minnkar til austurs (+).
Fjölbreytni	Nokkur einsleitni (-), útsýni (+).
Sjónlínur	Mikið útsýni (++) yfir haf og fjöll.
Sól og skjól	Lítið skjól (-), hafvindar úr norðvestri (--), opnun móti sól (+), snýr þó í norður (-).
Lokaeinkunn	**3,2 af 5 - Hefur kosti og galla. Mætti bæta m.t.t. greiðfærni.**

Staða skipulags

Strandsvæði í ASK. Borgargata og stofnstígur meðfram stofnbraut skv. aðalskipulagi. Austari hluti er innan þróunarsvæðis í ASK.

Nýtt deiliskipulag er í kynningu fyrir svæðið þar sem markmiðið er að efla möguleika til útistar og áningar árið um kring. Deiliskipulagið mun því efla stöðu svæðisins sem stofnæð í græna netinu.

Helstu úrbætur

Nýtt deiliskipulag fyrir svæðið mun bæta mikið greiðfærni og upplifun. Þó þarf að huga vel að tengingu til austurs við hafnarsvæðið. Ekki er ástæða til að bregðast við litlu skjóli á svæðinu, enda hluti af karakter og eðli þess.





REYKJAVÍKURHÖFN

Leið í þróun meðfram Reykjavíkurhöfn frá Granda upp að Arnarhóli (1,1 km).

Rými og næði	Víðáttumikið rými til norðurs út að höfn (+), lítið til suðurs (-), lítil bílaumferð, þó víða 50 km (+/-).
Náttúrulegt yfirborð	Lítill gróður (-). Nálægð við vatn (+)
Greiðfærni	Svæði í þróun. Sumstaðar gangstéttir, en ekki allstaðar (+/-), læsileiki ekki mikill eins og er (-)
Fjölbreytni	Fjölbreytt hafnarstarfsemi og mannlíf (+), merkileg saga tengd atvinnusögu íslendinga (+).
Sjónlínur	Fallegt útsýni yfir höfn, haf og Esju (++).
Sól og skjól	Hafvindar úr norðvestri (-), en eitthvað skjól af byggingum (+), opnun móti sól (+), snýr þó í norður (-).
Lokaeinkunn	**3,3 af 5 - Hefur kosti og galla. Er í þróun og krefst yfirlegu.**





Staða skipulags

Tengistígur á miðsvæði skv. ASK. Á þróunarsvæði sem er í mótun. Tilheyrir mörgum deiliskipulögum, gert er ráð fyrir gönguleið á sumum.

Helstu úrbætur

Leiðin liggur meðfram höfninni og hefur því sérstakan karakter sem græn tenging og býður upp á kjörið tækifæri fyrir nýstárlegar lausnir.

Svæðið er mikilvægt vegna staðsetningar í Kvosinni og merkilegrar sögu staðarins. Miklir möguleikar samfara þróun hafnarsvæðisins og vegna samspils við Kvosina sem heild, m.a. tengingu við borgarlínu. Ýmis tækifæri gætu verið til að bæta skjól, þó slíkt sé vandmeðfarið og passa þarf að skyggja ekki á útsýni.

LÆKJARGATA

Rótgróin borgargata frá Reykjavíkurtjörn að Hörpu (600 m).

Rými og næði	Rótgróin borgargata sem opnast til austurs (+). Nokkur bílaumferð (50km) (-).
Náttúrulegt yfirborð	Borgarrýmið nokkuð gróið (+) þó er allur gróður öðrum megin götu (-), í góðum tengslum við borgargarða (+).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), götulýsing (+), áningarstaðir (+) og nokkrir bekkir(+), mikill læsileiki (+).
Fjölbreytni	Mikil fjölbreytni í byggingum og borgarlandslagi (++). Starfsemi á jarðhæð (+). Mannlíf og menning (+)
Sjónlínur	Nokkuð sterk sjónlína til norðurs að Esju (+) og Tjörn (+).
Sól og skjól	Nokkuð gott skjól af byggingum (+) og sól (+).
Lokaeinkunn	**4,2 af 5 - Nokkuð góð. Lítilla úrbóta þörf**

Staða skipulags

Miðsvæði og opið svæði í ASK, einnig tengibraut og borgargata. Nokkur DSK fyrir svæðið.

Helstu úrbætur

Litlar aðkallandi úrbætur, en þó má alltaf gera betur og bæta Lækjargötuna enn frekar sem græna tengingu. Huga þarf að tengingu við hafnarsvæðið á þróunarsvæðinu við Hafnartorg.





FRÍKIRKJUVEGUR/HLJÓMSKÁLAGARÐUR

Rótgróin leið meðfram Reykjavíkurtjörn og í gegnum Hljómskálagarð (800 m).

Rými og næði	Róleg leið í hjarta borgarinnar (+) meðfram tjörn og borgargarði (+).
Náttúrulegt yfirborð	Nálægð við vatn (+), mikill gróður sýnilegur meðfram Tjörn og mikil nálægð við gróður í Hljómskálagarði (++).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), götulýsing (+), áningarstaðir (+) og nokkrir bekkir(+), mikill læsileiki (+).
Fjölbreytni	Nokkur fjölbreytni í borgarlandslagi; gróður, vatn, list og byggingar (++).
Sjónlínur	Ágætt nærútsýni yfir borgarlandslag og tjörn (+).
Sól og skjól	Mikið skjól af gróðri og byggingum, mikil sól.
Lokaeinkunn	**4,7 af 5 - Mjög góð. Aðeins þarf að tryggja viðhald.**

Staða skipulags

Að mestu opið svæði í ASK, einnig tengibraut og borgargata að hluta. Rótgróið umhverfi en ekki DSK fyrir svæðið.

Helstu úrbætur

Leiðin er mjög góð og liggur í gegnum fallegan, rótgróinn og gróðursælann borgargarð. Einungis þarf að tryggja viðhald.





SÆBRAUT

Strandleið með fjallasýn frá Hörpu að Laugarnesi (2,5 km).

Rými og næði	Víðáttumikið rými til norðurs (++), nokkur umferð - 60 km hraði (-), stígur þó nokkuð frá götu (+)
Náttúrulegt yfirborð	Gras og fjara (+), sjórinn (+), gata (-) og byggingar (+/-).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), aðskilinn hjóla og göngustígur (+), götulýsing (+), áningarstaðir (+) og nokkrir bekkir(+), mikill læsileiki (+).
Fjölbreytni	Nokkur einsleitni í borgarlandslagi (-). Þó fjölbreytni í útsýni og listaverkum á leiðinni (+).
Sjónlínur	Mikið útsýni (++) yfir haf og fjöll.
Sól og skjól	Lítið skjól (-), hafvindar (--), opnun móti sól (+), snýr þó í norður (-).
Lokaeinkunn	**3,8 af 5 - Nokkuð góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Strandsvæði og stofnstígur í ASK, ekki DSK fyrir svæðið. Meðfram stofnbraut.

Helstu úrbætur

Leiðin er nokkuð góð og þarfnast helst viðhalds.

Ekki er ástæða til að bregðast við litlu skjóli á svæðinu, enda hluti af karakter og eðli þess. Skjól á svæðinu mætti aldrei skyggja á útsýni yfir hafið sem er einn helsti styrkleiki þess.





LAUGALÆKUR/ KIRKJUSANDUR

Hverfisgata sem tengir saman Laugardal og Laugarnes (540 m)

Rými og næði	Nokkuð róleg gata innan íbúahverfis (+). Hæg bílaumferð (30km) (+), en hraðari við Kirkjusand(-).
Náttúrulegt yfirborð	Gróður í einkagörðum (+) en annars lítill gróður í göturými (-).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), götulýsing (+), engir bekkir(-), bæta þarf læsileika við upphaf og endi (-).
Fjölbreytni	Nokkur fjölbreytni í húsagerðum (+), lifandi starfsemi á jarðhæð (+).
Sjónlínur	Lítið útsýni (-).
Sól og skjól	Skjólsæl gata (+) og sólrík (+). Aðeins vindasamara á Kirkjusandi (-).
Lokaeinkunn	**3,3 af 5 - Hefur kosti og galla. Svigrúm til umbóta - bæta þarf læsileika við upphaf og endi og grænka götu.**

Staða skipulags

Íbúasvæði, miðsvæði og verslunar- og þjónustusvæði í ASK. Tengisstígur og borgargata skv. ASK. Kirkjusandur er þróunarsvæði skv. ASK og þar eru tækifæri til að bæta læsileika og gróður. Nokkur deiliskipulög liggja að svæðinu og eru í nokkuð góðu samræmi við græna tengingu.

Helstu úrbætur

Horfa þarf á leiðina sem heild og skoða hvernig hana megi bæta sem mikilvæga tengingu milli Laugardals og Sæbrautar. Heildaryfirbragð götunnar má bæta, hana mætti grænka meira og auka læsileika - sérstaklega við upphaf og endi leiðarinnar.





SAMHLIÐA REYKJAVEGI

Stígur sem liggur frá Laugalæk meðfram Laugardalslaug og Laugardalsvelli upp að Suðurlandsbraut (780 m)

Rými og næði	Stígur í nokkru vari frá bílaumferð (+). Liggur meðfram bílastæðum og íþróttamannvirkjum (+/-).
Náttúrulegt yfirborð	Nokkuð mikill gróður meðfram stíg (+) og liggur einnig um lítið grænt svæði (+).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), lýsing (+), bekkir á stöku stað (+), ágætur læsileiki(+).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í gróðri (+), bílastæði og stór mannvirki stundum einsleit (-), oft fjölbreytt mannlíf (+)
Sjónlínur	Yfirleitt lítið útsýni við stíg (-) en opnast upp með útsýni yfir laugardalinn þegar nær dregur Suðurlandsbraut (+).
Sól og skjól	Skjólsæl gata (+) og sólrík (+). Aðeins vindasamara á Kirkjusandi (-).
Lokaeinkunn	**4 af 5 - Nokkuð góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Íþróttasvæði og tengistígur í ASK. Svæðið næst Suðurlandsbraut er samfélagsþjónustusvæði í þróun skv. ASK.

Helstu úrbætur

Tengingin er nokkuð góð og lítið þarf að bæta annað en að tryggja viðhald. Þó eru tækifæri til að festa tenginguna enn betur í sessi samfara þróun við Suðurlandsbraut og þá sérstaklega hvernig hún tengist áfram meðfram þeirri götu. Einnig þarf að skoða betur tengingu yfir að Laugalæk, sérstaklega m.t.t. læsileika.





LAUGARDALUR

Stígur sem liggur frá Laugardalsvelli að Holtavegi í gegnum Laugardal (1 km).

Rými og næði	Stígur í gegnum rótgróið grænt svæði (++), í algeru vari frá bílaumferð (+) og umlukið gróðri (+).
Náttúrulegt yfirborð	Mikill og fjölbreyttur gróður (++), góðar tengingar við Grasagarð (+), nokkur tenging við vatn (+)
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), lýsing (+), bekkir á stöku stað (+), ágætur læsileiki (+).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í gróðri (+), menningarminjar (+), fjölbreyttni í landslagi, oft fjölbreytt mannlíf (+).
Sjónlínur	Yfirleitt lítið útsýni (-) en oft áhugaverðar sjónlínur að nærumhverfi á á leiðinni (+).
Sól og skjól	Mikið skjól (+) og víða sól (+) sumstaðar skuggi af trjám (+/-).
Lokaeinkunn	**4,7 af 5 - Mjög góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Liggur um íþróttasvæði og opið svæði og er tengistígur skv. ASK. Hluti af Laugardal sem er borgargarður með fjölbreyttri þjónustu.

Helstu úrbætur

Tengingin er mjög góð og aðeins þarf að tryggja viðhald. Svæðið er víðast hvar aflokað með gróðri og útsýni því ekki mikið, sem er erfitt að breyta og hluti af karakter svæðisins.





TENGING VIÐ LAUGARDAL

Tenging milli Suðurlandsbrautar við Vegmúla og miðju Laugardals (400 m).

Rými og næði	Stígur aðskildur bílaumferð hálfa leið (+) og er svo samsíða Engjavegi þar sem umferð er hæg (+/-).
Náttúrulegt yfirborð	Talsverður gróður (+), góðar tengingar við Laugardal (+).
Greiðfærni	Malarstígur hálfa leið (-) lýsing (+), skortir læsileika (-), sérstaklega um miðja leið.
Fjölbreytni	Nokkuð einsleit leið (-), þó ýmislegt að sjá í Laugardalnum (+).
Sjónlínur	Lítið útsýni (-)
Sól og skjól	Gott skjól (+) og ágæt sól (+).
Lokaeinkunn	**3,3 af 5 - Kostir og gallar. Þarf að bæta greiðfærni.**

Staða skipulags

Liggur um opið svæði og er tengistígur skv. ASK. Er mjög nærri samfélagsþjónustusvæði í þróun.

Óvissa - Er mikilvæg græn tenging en ætti kannski heldur að vera tengiæð. Fer erftir stefnu borgarinnar.

Helstu úrbætur

Bæta þarf greiðfærni og gera yfirborð fast.





SUÐURLANDSBRAUT - VESTUR

Stígur sem liggur meðfram Suðurlandsbraut frá Laugarvegi að Grensásvegi (1,4 km).

Rými og næði	Stígur meðfram fjölfarinni götu (50 km) (-), en þó í nokkuð góðu vari við götuna víðast hvar (+) og snýr út að grænu svæði (+).
Náttúrulegt yfirborð	Talsverður gróður (+), góðar tengingar við Laugardal (+).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), aðskilinn hjóla og göngustígur (+) lýsing (+), bekkir á stöku stað (+), ágætur læsileiki (+).
Fjölbreytni	Nokkuð einsleit leið (-), þó ýmislegt að sjá í Laugardalnum (+).
Sjónlínur	Fínt útsýni víða yfir borgarlandslagið og Esju (+), þó mismunandi (-).
Sól og skjól	Ágætt skjól (+) og víða sól (+), tré meðfram götu mynda oft skugga (-).
Lokaeinkunn	**3,8 af 5 - Nokkuð góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Liggur um miðsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustusvæði í þróun. Einnig þróunarsvæði á miðsvæði hinum megin við Suðurlandsbraut. Er stofnstígur og borgargata skv. ASK. Tengist Laugardal sem er borgargarður með fjölbreyttri þjónustu.

Helstu úrbætur

Nokkuð góð tengingin, engar sérstakar úrbætur eru aðkallandi. Svæði í þróun í náinni framtíð þar sem huga þarf að gæðum grænu tengingarinnar til framtíðar. Bæta má úr einsleitni leiðarinnar með því að hafa fleira áhugavert að sjá og auka fjölbreyttan gróður.





SUÐURLANDSBRAUT - AUSTUR

Stígur sem liggur meðfram Suðurlandsbraut frá Grensásvegi að Langholtsvegi (1 km).

Rými og næði	Stígur meðfram götu (50 km) (-), en þó í góðu vari við götuna víðast hvar (++).
Náttúrulegt yfirborð	Talsverður gróður (+), tré, gras og runnar.
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), lýsing (+), bekkir á stöku stað (+), ágætur læsileiki (+).
Fjölbreytni	Nokkuð fjölbreytt leið sem skiptir oft um karakter (+).
Sjónlínur	Fínar sjónlínur yfir nærumhverfi (+) en lítið útsýni (-)
Sól og skjól	Ágætt skjól (+) og víða sól (+), tré meðfram götu geta myndað skugga (-).
Lokaeinkunn	**4 af 5 - Nokkuð góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Liggur um miðsvæði og íbúðasvæði. Er stofnstígur og borgargata skv. ASK.

Helstu úrbætur

Nokkuð góð tengingin, engar sérstakar úrbætur eru aðkallandi.





FROSTASKJÓL

Leið frá Ægissíðu um Kaplaskjól, Frostaskjól og loks Keilugranda (640 m).


Rými og næði	Stígur meðfram götu í íbúahverfi með hægri umferð (30 km) (+/-).
Náttúrulegt yfirborð	Gróður í aðliggjandi einkagörðum (+) en annars ekkert sérstaklega græn (-).
Greiðfærni	Lítill læsileiki (-), steyptar gangstéttar (+), gönguþveranir á leiðinni (-).
Fjölbreytni	Nokkur fjölbreytni í íbúðahverfi (+), meiri einsleitni meðfram íþróttamannvirkum og skemmu við Keilugranda (-).
Sjónlínur	Fínar sjónlínur yfir nærumhverfi (+) en lítið útsýni (-)
Sól og skjól	Ágætt skjól af byggð (+) og víða sól (+).
Lokaeinkunn	**3 af 5 - Kostir og gallar. Bæta þarf margt, s.s. læsileika, fjölbreyttni og grænka leiðina.**

Staða skipulags

Liggur um íbúasvæði og íþróttasvæði. Er hvorki stígur né borgargata skv. ASK. Tveir þróunarreitir eru við leiðina (einmitt þau svæði sem eru einsleitust).

Helstu úrbætur

Möguleikar á grænkun leiðarinnar á ýmsum stöðum, s.s. með betri nýtingu græns svæðis við Frostaskjól meðfram íþróttavelli. Margir möguleikar samfara þróun svæðið nærri Eiðsgranda. Bæta þarf læsileika og leiða fólk áfram.





ÆGISSÍÐA

Strandleið frá Nesvegi, meðfram ströndinni, að Suðurgötu (1,6 km).

Rými og næði	Víðáttumikið rými til suðurs (++), hæg umferð bíla - 30 km hraði (+/-), stígur nokkuð frá götu (+)
Náttúrulegt yfirborð	Gras og fjara (+), sjórinn (+), gata og byggingar (+/-).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), aðskilinn hjóla og göngustígur (+), ekki lýsing við stíg (-), áningarstaðir (+) og nokkrir bekkir (+), mikill læsileiki (+) en minkar við Faxaskjól (-).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í húsagerðum, útsýni og listaverkum á leiðinni (++).
Sjónlínur	Mikið útsýni (++) yfir haf og fjöll.
Sól og skjól	Lítið skjól (-), hafvindar (-), opnun móti sól (+), snýr í suður (+).
Lokaeinkunn	**4,5 af 5 - Mjög góð. Þó tækifæri til umbóta og tryggja þarf viðhald. Bæta þarf lýsingu.**

Staða innan skipulags

Strandsvæði og stofnstígur í ASK. Einnig hverfisverndað skv. ASK. Ekki DSK fyrir svæðið nema á stöku-stað.

Helstu úrbætur

Mikilvægt grænt svæði fyrir Vesturbæ og einnig mikilvæg tenging í stærra samhengi - mætti bæta lýsingu og læsileika í tengslum við tengingunu yfir á Eiðsgranda. Óhjákvæmilega er lítið skjól á strandleiðum - sem erfitt er að bæta.





SKILDINGANES AÐ ÖSKJUHLÍÐ

Strandstígur sem liggur frá Skildinganesi um Nauthólsvík að Öskjuhlíð (2,7 km).

Rými og næði	Víðáttumikið rými til suðurs (++), aðskilin bílaumferð (+)
Náttúrulegt yfirborð	Gras og fjara (+), sjórinn (+).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), aðskilinn hjóla og göngustígur (+), lýsing við hluta stígar (+/-), áningarstaðir (+) og nokkrir bekkir (+), mikill læsileiki (+).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í, útsýni, umhverfi og listaverkum á leiðinni (++).
Sjónlínur	Mikið útsýni (++) yfir haf og fjöll og nálægar byggðir.
Sól og skjól	Lítið skjól (-), hafvindar (-), opnun móti sól (+), snýr í suður (+).
Lokaeinkunn	**4,7 af 5 - Mjög góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Strandsvæði og stofnstígur í ASK. Einnig hverfisverndað að mestu hluta skv. ASK. Í samræmi við þau DSK sem eru fyrir svæðið.

Helstu úrbætur

Mjög góð leið þar sem aðeins þarf að tryggja viðhald. Óhjákvæmilega er lítið skjól á strandleiðum - sem erfitt er að bæta.

Nokkur óvissa er um þróun leiðarinnar samfara þróun Vatnsmýrarsvæðisins.





SUÐURGATA - SUÐUR

Leið frá Ægissíðu upp Suðurgötu að Sturlugötu (670 m).

Rými og næði	Stígur meðfram götu (50 km) (-), nokkuð rúmt göturými m.v. umferðarþunga (+).
Náttúrulegt yfirborð	Talsverður gróður (+), tré, gras og runnar.
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), götulýsing (+), bekkir í strætóskýlum (+/-), ágætur læsileiki (+).
Fjölbreytni	Nokkur fjölbreyttni í byggðu umhverfi (+) og uppbrot með gróðri (+).
Sjónlínur	Fínar sjónlínur yfir nærumhverfi (+) og glæsilegt útsýni út á sjóinn og Álftanes til suðurs (+)
Sól og skjól	Fínt skjól, verst syst, em batnar til norður þegar fjær dregur sjónum (+/-) og góð sól (+).
Lokaeinkunn	**4 af 5 - Nokkuð góð. Tryggja þarf viðhald mætti grænka.**

Staða skipulags

Liggur um íbúðasvæði og svæði samfélagsþjónustu í þróun (Háskólasvæðið). Er stofnstígur og borgargata skv. ASK.

Helstu úrbætur

Nokkuð góð tenging milli Ægissíðu og miðbæjar sem liggur í gegnum Háskólasvæðið. Væri hægt að gera frábæra með því að bæta upplifun leiðarinnar með meiri gróðri og fjölbreytni og setja þannig punktinn yfir i-ð. Hugsanlega tækifæri fyrir blágrænar ofanvatnslausnir.





SUÐURGATA - HJÓMSKÁLAGARÐUR (A MÖGULEIKI)

Möguleg tenging milli Suðurgötu og miðbæjar í gegnum Skothúsveg (930 m).

Rými og næði	Stígur meðfram götu (50 km) (-), nokkuð rúmt göturými m.v. umferðarþunga (+).
Náttúrulegt yfirborð	Talsverður gróður (+), tré, gras og runnar.
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), götulýsing (+), bekkir í strætóskýlum (+/-). Erfið þverun við hringtorg (-) og skortir læsileika á gatnamótum Suðurgötu og Skothúsvegar (-).
Fjölbreytni	Nokkur fjölbreyttni í byggðu umhverfi (+) og uppbrot með gróðri (+).
Sjónlínur	Fínar sjónlínur yfir nærumhverfi (+), an annars lítið útsýni (-).
Sól og skjól	Fínt skjól, verst syst, em batnar til norður þegar fjær dregur sjónum (+/-) og góð sól (+).
Lokaeinkunn	**3,7 af 5 - Nokkuð góð. Bæta þarf læsileika**





Staða skipulags

Liggur um íbúðasvæði og svæði samfélagsþjónustu sem er að hluta til í þróun (Háskólasvæðið). Er stofnstígur og borgargata skv. ASK.

Velja þarf á milli möguleika A eða B.

Helstu úrbætur

Góð tenging milli Ægissíðu og miðbæjar sem liggur í gegnum Háskólasvæðið. Hugsanlega ætti að leita leiða til að færa teninguna neðar - leiða hana í gegnum göngustíg á Háskólasvæðinu, þaðan yfir ágæta gönguþverun við Hringbraut og svo Tjarnargötuna. Helsti gallin við þá leið er að ná fram læsileika í tengingu milli Suðurgötu og göngustígs við Árnagarð.

SUÐURGATA - HJÓMSKÁLAGARÐUR (B MÖGULEIKI)

Möguleg tenging milli Suðurgötu og miðbæjar í gegnum friðland í Vatnsmýri (650 m).

Rými og næði	Fyrst stígur meðfram götu með hægri umferð (30 km) (+/-), síðan leið í gegnum friðland í Vatnsmýri fjarri umferð (+)
Náttúrulegt yfirborð	Mikill gróður og náttúrulegt yfirborð (+), fuglalíf (+).
Greiðfærni	Fyrst steyptar gangstéttar, svo malarstígar (+/-), lýsing hluta leiðar (+/-), bekkir á stöku stað (+). Læsileiki ekki nógu góður (-), aðgengi heft hluta út ári vegna fuglalífs (-).
Fjölbreytni	Fjölbreytt náttúra (+) og fjölbreyttar byggingar á háskólasvæði (+).
Sjónlínur	Gott útsýni yfir borgarlandslag (+).
Sól og skjól	Ekki mikið skjól (-) en góð sól (+).
Lokaeinkunn	**3,3 af 5 - Hefur kosti og galla. Lélegur læsileiki og mikill galli að aðgengi sé heft hluta úr ári.**

Staða skipulags

Liggur um miðsvæði, íbúðasvæði, miðsvæði og opið svæði með hverfisvernd skv. ASK. Er hvorki stígur né borgargata skv. ASK. Í nokkru samræmi við deiliskipulag.

Velja þarf á milli möguleika A eða B.

Helstu úrbætur

Falleg náttúrurík tenging sem hefur helst galla varðandi aðgengi og læsileika. Ekki er hægt að bæta greiðfærni að öllu leiti vegna mikilvægs lífríkis sem þarf næði. Væri hugsanlega betri sem tengiæð. Tengist Göngubrú við Hringbraut sem er kostur.





FOSSVOGUR - STRANDLEIÐ

Leið frá Nauthólsvík meðfram Fossvogskirkjugarði að botni Fossvogs (1,2 km).

Rými og næði	Víðáttumikið rými til suðurs (++), aðskilin bílaumferð (+)
Náttúrulegt yfirborð	Gras og fjara (+), sjórinn (+) , skógur (+)..
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), aðskilinn hjóla og göngustígur (+), góð lýsing (+), áningarstaðir (+) og nokkrir bekkir (+), mikill læsileiki (+).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í útsýni, umhverfi og listaverkum á leiðinni (++).
Sjónlínur	Mikið útsýni (++) yfir haf og fjöll og nálægar byggðir.
Sól og skjól	Eitthvað skjól af trjám og gróðri (+), hafvindar (-), opnun móti sól (+), snýr í suður (+).
Lokaeinkunn	**4,8 af 5 - Mjög góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Strandsvæði og stofnstígur í ASK. Einnig hverfisverndað skv. ASK og friðlýst svæði að hluta. Í samræmi við DSK svæðis.

Helstu úrbætur

Mjög mikilvæg strandleið í borginni sem vel hefur verið búið um. Tengir saman mikilvæg útivistarsvæði. Tryggja þarf viðhald.





HÁALEITISBRAUT

Leið meðfram Háaleitisbraut frá Fossvogsdal að Kringlumýrarbraut (2,6 km).

Rými og næði	Stígur meðfram breiðri götu með nokkurri umferð (50 km) (-), en þó aðeins frá götunni víðast hvar (+).
Náttúrulegt yfirborð	Sumstaðar er nokkur gróður og víða gras (+).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), aðskilinn hjóla og göngustígur hluta leiðar (+), götulýsing (+), bekkir í strætóskýlum (+/-), góður læsileiki (+).
Fjölbreytni	Á stórum köflum nokkuð einsleitar húsagerðir (-).
Sjónlínur	Breitt sjónsvið, misgott útsýni en sumstaðar fjallasýn (+/-).
Sól og skjól	Ekki mikið skjól af byggingum (-) en góð sól (+).
Lokaeinkunn	**3,3 af 5 - Kostir og gallar. bæta þarf fjölbreytni og auka gróður.**

Staða skipulags

Liggur að mestu um íbúðasvæði, en einnig um mið- og samfélagsþjónustusvæði á köflum. Er tengistígur og borgargata skv. ASK. Nærri þróunarsvæði við Efstaleiti.

Helstu úrbætur

Hér er mikið rými til að efla græna innviði - götuna mætti gera fjölbreyttari og skjólsælli með meiri gróðri og jafnvel blágrænum ofanvatnslausnum (skoða þarf þó landhalla vel).

Töluvert verið gert á síðustu árum, en kaflar til úrbóta til að grænka og bæta læsileika. Pláss til staðar á nokkrum stöðum til að vinna með.





KLAMBRATÚN - LAUGARDALUR (A MÖGULEIKI)

Leið meðfram Klambratúni, Miklubraut og Kringlumýrarbraut (1,9 km).

Rými og næði	Stígur meðfram breiðri götu með mikilli umferð (60 km) (--), en þó aðeins frá götunu víðast hvar (+).
Náttúrulegt yfirborð	Sumstaðar er nokkur gróður og víða gras (+).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), götulýsing (+), aðskildar göngu- og hjólaleiðir hluta leiðar (+), bekkir í strætóskýlum (+/-), ágætur læsileiki (+) en þarf að skoða betur á gatnamótunum.
Fjölbreytni	Á stórum köflum nokkuð einsleitar húsagerðir (-). Þó einnig kaflaskipt og hluti leiðrar liggur meðfram Klambratúni (+).
Sjónlínur	Breitt sjónsvið, misgott útsýni en fjallasýn á Kringlumýrarbraut (+/-).
Sól og skjól	Ekki mikið skjól af byggingum (-) en góð sól (+).
Lokaeinkunn	**3,5 af 5 - Nokkuð góð. Þó svigrúm til úrbóta.**

Staða innan skipulags

Liggur að mestu um íbúasvæði, en einnig um mið- og opið svæði á köflum. Er stofnstígur skv. ASK.

Velja þarf á milli möguleika A, B eða C.

Helstu úrbætur

Nokkuð rými til að efla græna innviði - götuna mætti gera fjölbreyttari og bæta læsileika hennar sem grænnar tengingar.





KLAMBRATÚN - LAUGARDALUR (B MÖGULEIKI)

Leið í gegnum Klambratún og Bólstaðarhlíð að Kringlumýrarbraut (1,8 km).

Rými og næði	Stígur liggur í gegnum borgargarð (+) og hæga íbúagötu (30 km) (+).
Náttúrulegt yfirborð	Talsverður gróður (+), tré, gras og runnar. Bæði í einkagörðum og borgargarði (+).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), lýsing (+), bekkir á stöku stað (+), læsileiki ekki góður (-) þverun vantar milli Klambratúns og Bólstaðarhlíðar (-) .
Fjölbreytni	Nokkuð fjölbreytt leið sem skiptir um karakter (+).
Sjónlínur	Fínar sjónlínur yfir nærumhverfi (+) en lítið útsýni (-)
Sól og skjól	Ágætt skjól af byggð og gróðri (+) og víða sól (+).
Lokaeinkunn	**3,6 af 5 - Nokkuð góð. Bæta þarf læsileika.**

Staða skipulags

Liggur að mestu um íbúasvæði, en einnig um samfélagsþjónustu svæði (að hluta til í þróun) og opið svæði á köflum. Ekki skilgreindur stígur skv. ASK.

Velja þarf á milli möguleika A, B eða C.

Áhugaverð leið sem þó liggur í gegnum íbúahverfi þar sem umhverfið leiðir mann ekkert endilega áfram rétta leið, það mætti þó bæta. Klambratún leiðir gesti ekkert sérstaklega vel í þessa átt.

Önnur leið sem mætti skoða er að fara upp Háteigsveg sem liggur á samfélagsþjónustusvæði í þróun.

Helstu úrbætur

Leita þarf lausna varðandi læsileika og greiðfærni ef að þessi leið er valin.





KLAMBRATÚN - LAUGARDALUR (C MÖGULEIKI)

Leið í gegnum Klambratún, Nóatún og Laugaveg að Kringlumýrarbraut (1,7 km).

Rými og næði	Stígur liggur í gegnum borgargarð (+) og svo meðfram umferðagötum (50 km) (-).
Náttúrulegt yfirborð	Talsverður gróður hluta leiðar (-), bæði í einkagörðum og borgargarði (+), en lítill á öðrum köflum (-).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), lýsing (+), ekki bekkir utan borgargarðs (+), læsileiki ekki góður (-).
Fjölbreytni	Nokkuð fjölbreytt leið sem skiptir um karakter (+).
Sjónlínur	Fínar sjónlínur yfir nærumhverfi (+) en lítið útsýni (-)
Sól og skjól	Ágætt skjól af byggð og gróðri (+) og víða sól (+).
Lokaeinkunn	**3,5 af 5 - Nokkuð góð. Bæta þarf læsileika og grænka.**

Staða skipulags

Liggur að mestu um íbúðasvæði, en einnig um samfélagsþjónustusvæði (að hluta til í þróun) og opið svæði á köflum. Skilgreindur sem tengistígur skv. ASK. Hluti við Laugaveg er á þróunarsvæði sem getur aukið möguleika.

Velja þarf á milli möguleika A, B eða C. Gæti verið áhugaverð leið, sem liggur meðfram nokkuð aðlaðandi götum. Klambratún leiðir gesti ekkert sérstaklega vel í þessa átt - þ.e. frá suðvestur horni að norðaustur horni.

Helstu úrbætur

Leita þarf lausna varðandi læsileika og greiðfærni ef að þessi leið er valin.





FOSSVOGSDALUR

Leið í gegnum Fossvogsdal frá Kringlumýrarbraut að Elliðaárdal (2,8 km).

Rými og næði	Stígur í gegnum rótgróið grænt svæði (++), í algeru vari frá bílaumferð (+) og umlukið gróðri (+).
Náttúrulegt yfirborð	Mikill og fjölbreyttur gróður, m.a. tré (++), lækur og vatn (+)
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), lýsing (+), bekkir á stöku stað (+), aðskilin göngu- og hjólaleið (+), ágætur læsileiki (+).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í gróðri (+), fjölbreytni í landslagi (+), oft fjölbreytt mannlíf (+).
Sjónlínur	Yfirleitt lítið útsýni (-) en oft áhugaverðar sjónlínur að nærumhverfi á á leiðinni (+).
Sól og skjól	Mikið skjól (+) og víða sól (+) sumstaðar skuggi af trjám (+/-).
Lokaeinkunn	**4,7 af 5 - Mjög góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Liggur um opið svæði og íþróttasvæði. Er stofnstígur skv. ASK.

Helstu úrbætur

Rótgróin og falleg leið sem er einnig mikilvæg tenging. Lítilla sem engra úrbóta þörf en tryggja þarf viðhald. Afmörkun með gróðri takmarkar útsýni, en það er hluti af karakter leiðarinnar.





MEÐFRAM ÖSKJUHLÍÐ

Stígur meðfram Öskjuhlíð frá Hringbraut að Nauthólsvík (1,7 km).

Rými og næði	Stígur í jaðri rótgróins grænt svæði (++), í algeru vari frá bílaumferð mestan hluta leiðar (+) en liggur meðfram 50 km götu þegar norðar dregur(-).
Náttúrulegt yfirborð	Mikill og fjölbreyttur gróður, m.a. tré og gras (++).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), lýsing aðeins á syðri hluta (+/-), bekkir á stöku stað (+), aðskilin göngu- og hjólaleið að hluta (+), ágætur læsileiki (+) sem þó versnar aðeins þegar norðar dregur (-).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í gróðri (+), nokkur einsleitni í landslagi með stóru bílastæði og víðáttumiklum flugvelli (-).
Sjónlínur	Vítt útsýni yfir flugvöllinn og umhverfi hans (+). Mun líklega minnka með komandi íbúabyggð.
Sól og skjól	Nokkuð skjól, en þó lítið af byggingum (+/-) og víða sól (+).
Lokaeinkunn	**4 af 5 - Nokkuð góð. Tryggja þarf viðhald og bæta nyrðri hluta samfara þróun.**

Staða skipulags

Liggur um opið svæði og svo miðsvæði og íbúasvæði í þróun. Er stofnstígur skv. ASK.

Helstu úrbætur

Falleg leið sem þarfnast athygli á nyrðri hluta í sambandi við læsileika og gróður. Mikil tækifæri samfara þróun í náinni framtíð.

Norðurhluti leiðarinnar tengist undarlega við göngubrú yfir Hringbraut og skoða þarf legu leiðarinnar - hugsanlega ætti hún að liggja austar. Leysa þarf tengingar fyrir gangandi og hjólandi í kringum Hringbraut.





TENGING VIÐ BSÍ

Stutt tenging frá Hringbraut að Hljómskálagarði (550 m).

Rými og næði	Stígur meðfram götum (50 km og 60km) (-).
Náttúrulegt yfirborð	Lítið náttúrulegt yfirborð fyrir utan eitthvað gras (-).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), lýsing (+), vantar þveranir á stöku stað (-), lítill læsileiki (-).
Fjölbreytni	Lítil fjölbreytni í umhverfi (-).
Sjónlínur	Fínar sjónlínur yfir nærumhverfi (+) en lítið útsýni (-)
Sól og skjól	Lítið skjól af byggingum (-) en víða sól (+).
Lokaeinkunn	**2,5 af 5 - Kostir og gallar. Nokkurra úrbóta þörf.**

Staða skipulags

Liggur um miðsvæði í þróun. Er stofnstígur skv. ASK.

Helstu úrbætur

Mikilvægt er að skoða vel tengingar á þessu svæði samfara þróun á næstu árum. Hér er mikið svigrúm til að bæta leiðina, með meiri gróðri, betri þverunum og læsileika. BSÍ er mikilvægur samgöngupunktur sem eykur mikilvægi góðra tenginga.





MISLÆG GATNAMÓT VIÐ HRINGBRAUT

Tenging frá BSÍ að Klambratúni (780 m).

Rými og næði	Leiðin er meðfram götum (50 km og 60km) (-). Við mislæg gatnamót (-).
Náttúrulegt yfirborð	Lítið náttúrulegt yfirborð fyrir utan eitthvað gras (-).
Greiðfærni	Stíg vantar mestan hluta leiðar (--). Ekki læsilegt hvernig vegfarandi eigi að þvera gatnamótin (-).
Fjölbreytni	Lítil fjölbreytni í umhverfi (-). Bílaumhverfi (-).
Sjónlínur	Við sjónlína og ágætt útsýni yfir flugvöll (+/-)
Sól og skjól	Lítið skjól af byggingum (-) en víða sól (+).
Lokaeinkunn	**1,8 af 5 - Slæm tenging. Mikilla úrbóta þörf.**

Staða skipulags

Liggur um miðsvæði og samfélagsþjónustusvæði í þróun - við Landsspítala. Er stofnstígur skv. ASK og DSK.

Helstu úrbætur

Mikilla úrbóta er þörf. Hér mætast ýmsar leiðir gangandi og hjólandi vegfarenda en stíga og greiðar leiðir vantar á þessum mikilvæga stað. Mjög mikilvægt að bæta úr með þróun á svæðinu. Einnig þarf að bæta upplifun á leiðinni með gróðri og afmörkun frá umferð.





UTAN VIÐ GERÐI

Stígur meðfram mislægum gatnamótum við Miklubraut frá göngubraut við Sogamýri að Elliðaárdal (920 km).

Rými og næði	Leiðin er meðfram götum (60 km og 70km) (-), þó sumstaðar í vari frá götu. Við stór og mikil umferðamannvirki (-).
Náttúrulegt yfirborð	Stór grassvæði og einhver tré (+).
Greiðfærni	Steyptur stígur (+). Engir bekkir eða áfangastaðir (-). Læsileiki góður (+).
Fjölbreytni	Lítil fjölbreytni í umhverfi (-). Bílaumhverfi (-). Aðeins brotið upp með gróðri (+).
Sjónlínur	Við sjónlína og stundum ágætt útsýni yfir austurhluta borgarinnar (+/-).
Sól og skjól	Lítið skjól af byggingum (-) en víða sól (+). Eitthvað skjól af gróðri (+)
Lokaeinkunn	**2,8 af 5 - kostir og gallar. Rými til úrbóta**

Staða skipulags

Liggur um miðsvæði, íbúasvæði og verslunar- og þjónustusvæði í þróun. Er stofnstígur og borgargata skv. ASK. Deiliskipulag í vinnslu.

Helstu úrbætur

Úrbætur snúa helst að því að gera tenginguna meira aðlaðandi, auka fjölbreytileika og fjölga bekkjum.





STEINAHLÍÐ

Stígur meðfram mislægum gatnamótum við Miklubraut frá Suðurlandsbraut að Knarrarvogi (670 km).

Rými og næði	Stígur meðfram umferðarþungri götu (80 km) (-), en þó í góðu vari við götuna víðast hvar (+).
Náttúrulegt yfirborð	Stór grassvæði og einhver tré (+).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), aðskilin göngu- og hjólaleið (+), lýsing (+), ágætur læsileiki og fínar þveranir (+).
Fjölbreytni	Nokkuð einsleit leið, en skiptir þó aðeins um karaker (+/-).
Sjónlínur	Fáar góðar sjónlínur, nema í nærumhverfi og lítið útsýni (-).
Sól og skjól	Ágætt skjól (+) og víða sól (+).
Lokaeinkunn	**3,5 af 5 - Nokkuð góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Liggur um miðsvæði, íbúasvæði og opið svæði. Er stofnstígur skv. ASK.

Helstu úrbætur

Nokkuð góð tenging og ágætlega útfærð m.v. staðsetningu svo nærri stórri stofnbraut. Er mikilvæg tenging milli borgarhluta.





UM ELLIÐAÁRVOG

Stígur frá Knarrarvogi undir Miklubraut að stíflunni við Rafstöðvarveg (850 m).

Rými og næði	Stígur um borgargarð (++), sem liggur að stórum hluta samhliða umferðagötu (50 km) (-), en þó í góðu vari við götuna víðast hvar (+).
Náttúrulegt yfirborð	Gróður, ár og fjara (++), einnig gatnamannvirki (-).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+),lýsing að hluta (+/-), ágætur læsileiki (+).
Fjölbreytni	Nokkuð fjölbreytt leið þar sem margt ber fyrir augu (+).
Sjónlínur	Mikið útsýni (++) yfir haf og fjöll og nálægar byggðir. Miklabraut þó einnig nokkuð áberandi (-).
Sól og skjól	Ágætt skjól (+) og víða sól (+).
Lokaeinkunn	**4,2 af 5 - Nokkuð góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Liggur um strandsvæði og opið svæði. Er stofnstígur skv. ASK.

Helstu úrbætur

Nokkuð góð tenging mikilvægra borgarhluta. Bæta mætti upplifun og tryggja þarf viðhald.





YFIR GEIRSNEF

Frá Vogahverfi yfir Geirsnef að Sævarhöfða (880 m).

Rými og næði	Víðáttumikið rými til til allra átta (++), aðskilin bílaumferð (+)
Náttúrulegt yfirborð	Gróður og fjara (+), ár og sjór (+).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), aðskilinn hjóla og göngustígur (+), lýsing hluta leiðar (+/-), áningarstaðir (+) og mikill læsileiki (+).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í útsýni og náttúru (+), annars einnig nokkur einsleitni (-). Brýr skapa sértakt yfirbragð (+), samt ákveðinn ein
Sjónlínur	Mikið útsýni (++) yfir haf og fjöll og nálægar byggðir.
Sól og skjól	Eitthvað skjól af gróðri og landslagi (+), hafvindar (-), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**4,7 af 5 - Mjög góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Strandsvæði og stofnstígur í ASK. Einnig hverfisverndað og friðlýst svæði að hluta skv. ASK. Í samræmi við DSK svæðis.

Helstu úrbætur

Mjög mikilvæg tenging í borginni sem vel hefur verið búið um með nýjum brúm. Tengir saman austur- og vesturhluta borgarinnar norðan við Miklubraut. Lítilla úrbóta þörf en tryggja þarf viðhald.





ELLIÐAVOGUR

Stígur frá Sævarhöfða að Gullinbrú (1,3 km).

Rými og næði	Stígur meðfram götu stóran hluta leiðar (50 km) (-), en vari við götuna á öðrum stöðum (+). Hlíð og klettar í suður en iðnaðarsvæði í norður (+/-).
Náttúrulegt yfirborð	Náttúrulegt yfirborð í klettum og einhvað gras og runnar meðfram leið (+). Iðnaðarsvæði til norðurs (-).
Greiðfærni	Steypt gangstétt (+), lýsing (+), ágætur læsileiki (+). Fáir bekkir og áningarstaðir (-).
Fjölbreytni	Nokkuð einsleit leið, en skiptir þó aðeins um karaker og verður meira aðlaðandi og fjölbreyttari við Bryggjuhverfi (+/-).
Sjónlínur	Fáar góðar sjónlínur, nema í nærumhverfi og lítið útsýni (-). Batnar þegar nær dregur Bryggjuhverfi.
Sól og skjól	Ágætt skjól (+) lítil sól vegna hlíðar sem skyggir á (+).
Lokaeinkunn	**3,3 af 5 - Kostir og gallar. Tækifæri samfara þróun.**

Staða skipulags

Stofnstígur sem liggur í gegnum íbúahverfi í þróun skv. ASK. Er staðsett í grænum geira skv. verðlaunatillögu um rammaskipulag sem er mjög gott - en athuga þarf tengingu græna geirans áfram yfir Elliðaárvog.

Helstu úrbætur

Frábært tækifæri samhliða þróun svæðisins á næstu árum til að gera tenginguna meira aðlaðandi. Mun væntanlega strax batna með áframhaldandi uppbyggingu Bryggjuhverfisins.





SUÐURSTRÖND GRAFARVOGS

Stígur frá Sævarhöfða að Gullinbrú (1,6 km).

Rými og næði	Fallegur strandstígur í vari frá umferð og byggð (++).
Náttúrulegt yfirborð	Gróður og fjara (+), ár og sjór (+).
Greiðfærni	Mjór malarstígur (-), ólýstur (-), Svolítið falinn en læsilegur þegar komið er á stíginn (+/-).
Fjölbreytni	Fjölbreytt náttúra, fjara og tré (+).
Sjónlínur	Fallegar sjónlínur á milli trjánna (+).
Sól og skjól	Gott skjól af gróðri og landslagi (+), sól aðeins skert af trjám og halla á móti norðri (-).
Lokaeinkunn	**3,8 af 5 - Nokkuð góð. Bæta þarf aðgengi.**

Staða skipulags

Strandsvæði og hverfisverndað svæði skv. ASK. Þróunarsvæði rétt sunnan við svæðið. Í samræmi við DSK.

Helstu úrbætur

Nokkuð góð og fínleg tenging en má bæta m.t.t. aðgengis fyrir alla og með föstu yfirborði.





NORÐURSTRÖND GRAFARVOGS

Stígur frá Sævarhöfða að Gullinbrú að botni Grafavogs (1,6 km).

Rými og næði	Víðáttumikið náttúrurými til suðurs (++), aðskilin bílaumferð (+)
Náttúrulegt yfirborð	Gras og fjara (+), sjórinn (+) , skógur (+).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), góð lýsing (+), áningarstaðir (+) og nokkrir bekkir (+), mikill læsileiki (+).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í umhverfi og byggingum (++).
Sjónlínur	Mikið útsýni (++) yfir haf og fjöll og nálægar byggðir.
Sól og skjól	Eitthvað skjól af trjám og gróðri (+), hafvindar (-), opnun móti sól (+), snýr í suður (+).
Lokaeinkunn	**4,8 af 5 - Mjög góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Strandsvæði og stofnstígur í ASK, einnig hverfisverndað. Ekki hluti af DSK.

Helstu úrbætur

Mjög góð tenging sem krefst lítilla úrbóta en tryggja þarf viðhald.





GUFUNESHÖFÐI

Stígur Gullinbrú um Gufuneshöfða að Dofra (1,2 km).

Rými og næði	Víðáttumikið náttúrurými (++), aðskilin bílaumferð (+)
Náttúrulegt yfirborð	Gras og fjara (+), sjórinn (+), gróður frá einkagörðum (+).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), lýsing (+), áningarstaðir (+) og nokkrir bekkir (+), mikill læsileiki (+). Þarf að klára tengingu áfram norður á Gufunesið (-).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í umhverfi og byggingum (++).
Sjónlínur	Mikið útsýni (++) yfir haf og fjöll og nálægar byggðir.
Sól og skjól	Eitthvað skjól af gróðri (+), hafvindar (-), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**4,7 af 5 - Mjög góð. Tryggja þarf viðhald og klára tengingu**

Staða skipulags

Stofnstígur, strandsvæði og opið svæði til sérstakra nota skv. ASK. Svæðið er jafnframt hverfisverndað. Kemur ekki fram á DSK.

Helstu úrbætur

Mjög góð tenging um náttúrusvæði en hana þarf að klára.





GUFUNES

Stígur frá Dofra um Gufunes að Eiðsgranda (2,2 km).

Rými og næði	Víðáttumikið náttúrurými til út að sjó og einnig víða til beggja handa (++), aðskilin bílaumferð að mestu (+), ókláruð (-).
Náttúrulegt yfirborð	Gras og fjara (+), sjórinn (+), gróður (+).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar að hluta (+), Vantar alveg gangstétt á stórum kafla (--).
Fjölbreytni	Nokkur fjölbreytni í náttúru (+), listaverk (+), þó að hluta nokkuð einsleit (-).
Sjónlínur	Mikið útsýni (++) yfir haf og fjöll og nálægar byggðir. Iðnaðarsvæði einnig áberandi (-).
Sól og skjól	Lítið skjól af gróðri (-) og vindar af hafi (-), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**3,3 af 5 - Hefur kosti og galla. Þarf að klára gönguleið.**

Staða skipulags

Stofnstígur, strandsvæði og opið svæði til sérstakra nota skv. ASK. Svæðið er jafnframt hverfisverndað að hluta. Deiliskipulag í undirbúningi, gert ráð fyrir strandstíg innan svæðis.

Helstu úrbætur

Falleg leið um náttúrusvæði en hana þarf að klára. Horfa einnig til tækifæra samhliða þróun á svæðinu. Athuga þarf legu stígs í samræmi við væntanlegt deiliskipulag.





BLIKASTAÐAKRÓ

Stígur frá Eiðsgranda að Korpúlfsstaðaá (2,5 km).

Rými og næði	Víðáttumikið náttúrurými til út að sjó og einnig víða til beggja handa (++), aðskilin eða í vari frá bílaumferð (50km) (+).
Náttúrulegt yfirborð	Gras, fjara og klettar (+), sjórinn (+), gróður (+).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), engin lýsing (-), einhverjir bekkir (+) og mikill læsileiki (+). Samhliða golfvelli (-).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í náttúru (+), listaverk (+), þó að hluta nokkuð einsleit (-).
Sjónlínur	Mikið útsýni (++) yfir haf og fjöl.
Sól og skjól	Lítið skjól af gróðri og vindar af hafi (-), opnun móti sól (+), snýr í suður (+).
Lokaeinkunn	**4,5 af 5 - Mjög góð. Bæta þarf lýsingu.**

Staða skipulags

Stofnstígur, strandsvæði og íþróttasvæði skv. ASK. Svæðið er jafnframt hverfisverndað. Í samræmi við DSK.

Helstu úrbætur

Mjög góð tenging sem krefst lítilla úrbóta en tryggja þarf viðhald og bæta lýsingu.





KORPA

Stígur meðfram Korpu að Víkurvegi (3,6 km).

Rými og næði	Víðáttumikið svæði í jaðri byggðar (+), aðskilin bílaumferð(+).
Náttúrulegt yfirborð	Nokkur gróður og gras (+), vatn með ánni (+).
Greiðfærni	Malarstígur meirihluta leiðar (-), ólýstur (-), ágætlega læsilegur (+/-).
Fjölbreytni	Nokkur fjölbreytni í náttúru (+), mannlíf tengt golfvelli (+), þó að hluta nokkuð einsleit (-).
Sjónlínur	Vítt sjónsvið og stór mannvirki fyrirferðarmikil í sjónlínum (+/-).
Sól og skjól	Lítið skjól af gróðri (-), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**3,6 af 5 - Nokkuð góð. Þarf að bæta aðgengi.**

Staða skipulags

Tengistígur, íþróttasvæði og opið svæði til sérstakra nota skv. ASK. Áin er jafnframt hverfisvernduð. Í samræmi við DSK.

Helstu úrbætur

Æskilegt væri að bæta aðgengi með steyptum stíg og lýsingu. Horfa einnig til tækifæra samhliða þróun á svæðinu. Athuga einnig að nálægð við golfvöll getur skapað hættu.

Bæta þarf læsileika til að hægt sé að nota sem “alvöru” samgöngutengingu frá milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur.





HALLSVEGUR

Leið meðfram Hallsvegi frá Korpu að Strandvegi (2 km).

Rými og næði	Stígur meðfram götu með nokkurri umferð (50 km) (-), en í vari frá götunni víðast hvar (+).
Náttúrulegt yfirborð	Nokkur gróður og gras (+), sumstaðar tré (+)
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar mestan part leiðari (+), götulýsing mestan hluta leiðar (+), einhverjir bekkir (+/-). Bæta þarf læsileika, yfirborð og lýsingu frá Korpúlfstaðaá að Víkurvegi (--).
Fjölbreytni	Leiðin skiptir um karakter (+) og húsagerðir eru nokkuð fjölbreyttar (+), þó einnig nokkuð einsleit leið (-).
Sjónlínur	Breitt sjónsvið, misgott útsýni en sumstaðar fjallasýn (+/-).
Sól og skjól	Eitthvað skjól af byggð og gróðri (-) en góð sól (+).
Lokaeinkunn	**3,3 af 5 - Kostir og gallar. Bæta þarf greiðfærni og einnig mætti auka fjölbreytni í umhverfi.**

Staða skipulags

Liggur að mestu um íbúasvæði en einnig um opið grænt svæði meðfram vegi. Er stofnstígur og borgargata skv. ASK.

Helstu úrbætur

Bæta þarf greiðfærni alla leið að Korpu, bæði yfirborð og læsileika. Hér er einnig mikið rými til að efla græna innviði - götuna mætti gera fjölbreyttari og skjólsælli með meiri gróðri og jafnvel blágrænum ofanvatnslausnum.





ÚT Á GUFUNES

Leið frá Hallsvegi að stofnæð út að Dofra á Gufunesi (760 km).

Rými og næði	Víðáttumikið grænt svæði (+), aðskilin bílaumferð (+), ókláruð (-).
Náttúrulegt yfirborð	Gras og gróður (+), smávaxið klettalandslag (+).
Greiðfærni	Vantar alveg gangstétt eða gönguleið (--).
Fjölbreytni	Nokkur fjölbreytni í náttúru (+), þó að hluta nokkuð einsleit (-).
Sjónlínur	Útsýni yfir haf og fjöll þegar nær dregur sjó (+). Iðnaðarsvæði einnig áberandi (-).
Sól og skjól	Nokkuð skjól af gróðri og byggð (+) og opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**3,3 af 5 - Hefur kosti og galla. Þarf að klára gönguleið.**

Staða skipulags

Liggur um opið grænt svæði og er stofnstígur skv. ASK. Í samræmi við DSK þar sem við á.

Helstu úrbætur

Hér þarf að klára gönguleið. Á framkvæmdaáætlun 2017 eða 2018 er gert ráð fyrir að gera þessa tengingu að stórum hluta.





MEÐFRAM VESTURLANDSVEGI

Stígur frá Víkurvegi meðfram Vesturlandsvegi að Grafarholtsvegi (840 m).

Rými og næði	Stígur í grænu rými samhliða mjög umferðaþungri götu (-).
Náttúrulegt yfirborð	Einhver lágvaxinn gróður (+), stór gata (-).
Greiðfærni	Steypt gangstétt (+), lýsing (+), mikill læsileiki (+), engin staður til að staldra við (-).
Fjölbreytni	Nokkuð einsleitt umhverfi við stóra umferðagötu (-).
Sjónlínur	Nokkuð útsýni (+) nálægar byggðir. Fá áhugaverð sjónarhorn (-).
Sól og skjól	Lítið skjól af gróðri (-), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**3 af 5 - Kostir og gallar. Bæta þarf næði og fjölbreytileika.**

Staða skipulags

Liggur um miðsvæði sem einnig er þróunarsvæði og að mestu óbyggt í dag. Kemur ekki fram á DSK.

Helstu úrbætur

Tækifæri til að gera tenginguna meira aðlaðandi samfara þróun á svæðinu.





GRAFARLÆKUR

Stígur frá botni Grafavogs meðfram Grafarlæk að Grafarvogsvelli (1,1 km).

Rými og næði	Víðáttumikið náttúrurými (++), aðskilin bílaumferð (+)
Náttúrulegt yfirborð	Gras og gróður (+), hlykkjótt á (+).
Greiðfærni	Steypt gangstétt (+), lýsing (+), mikill læsileiki (+).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í náttúrulegu umhverfi (++).
Sjónlínur	Nokkuð útsýni (+) yfir haf, Keldur og nálægar byggðir. áhugaverðar sjónlínur (+).
Sól og skjól	Eitthvað skjól af trjám og gróðri (+), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**4,7 af 5 - Mjög góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Liggur um opið grænt svæði og er stofnstígur skv. ASK. Ekkert DSK.

Helstu úrbætur

Mjög góð leið og lítilla úrbóta er þörf en tryggja þarf viðhald.





MEÐFRAM GRAFARVOGSVELLI

Stígur meðfram Grafarvogsvelli (780 m).

Rými og næði	Liggur við grænt svæði í jaðri byggðar (+), að hluta aðskilin bílaumferð (+).
Náttúrulegt yfirborð	Nokkur gróður og gras (+), tré (+).
Greiðfærni	Steypt gangstétt (+), lýsing (+), mikill læsileiki (+).
Fjölbreytni	Nokkur fjölbreytni í náttúru (+) og eitthvað mannlíf tengt golfvelli (+).
Sjónlínur	Vítt sjónsvið yfir útmörk og nærliggjandi byggðir (+).
Sól og skjól	Nokkuð skjól af gróðri (+), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**4,5 af 5 - Mjög góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Stofnstígur sem liggur innan opins svæðis með golfvöll á aðra hönd og íbúðarsvæði á hina. Í samræmi við DSK.

Helstu úrbætur

Tengingin er mjög góð fyrir utan það að vera brött, en því er erfitt að breyta. Tryggja þarf viðhald.





MEÐFRAM GRAFARHOLTI

Stígur frá Grafarvogsvelli að Reynisvatni (1,8 km).

Rými og næði	Liggur við grænt svæði í jaðri byggðar (+), aðskilin bílaumferð að lang mestu (+).
Náttúrulegt yfirborð	Nokkur gróður og gras (+), tré (+).
Greiðfærni	Steypt gangstétt (+), lýsing (+), mikill læsileiki (+).
Fjölbreytni	Nokkur fjölbreytni í náttúru (+) og íbúabyggð (+) .
Sjónlínur	Vítt sjónsvið yfir útmörk (+).
Sól og skjól	Nokkuð skjól af gróðri (+), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**4,5 af 5 - Mjög góð. Tryggja þarf viðhald.**





Staða skipulags

Stofnstígur sem liggur innan opins svæðis með golfvöll á aðra hönd og íbúðarsvæði á hina. Í samræmi við DSK.

Helstu úrbætur

Mjög góð leið og lítilla úrbóta er þörf en tryggja þarf viðhald.

UPP AÐ ÚLFARSFELLI

Stígur frá Grafarholti, gegnum Úlfarsárdal að Úlfarsfelli (1,4 km).

Rými og næði	Liggur við íbúabyggð í jaðri byggðar (+), aðskilin bílaumferð að hluta (+).
Náttúrulegt yfirborð	Nokkur gróður og gras (+), tré (+).
Greiðfærni	Gönguleið aðeins til staðar í litlum hluta leiðar (--). Lítill læsileiki eins og er (-).
Fjölbreytni	Nokkur fjölbreytni í náttúru (+).
Sjónlínur	Vítt sjónsvið yfir útmörk (+).
Sól og skjól	Nokkuð skjól af gróðri (+), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**3,8 af 5 - Hefur kosti og galla. Gönguleið vantar.***

*Lokalitur lækkaður í gulann vegna þess að gönguleið vantar.

Staða skipulags

Stofnstígur sem liggur innan opins svæðis og íbúðarsvæðis sem er í byggingu. Í ósamræmi við DSK.

Mikilvæg tenging við Úlfarsfell sem er vinsælt til fjallgangna.

Helstu úrbætur

Gönguleið þarf að leggja. Möguleiki á að bæta tengingu samhliða vinnu við endurskoðað deiliskipulag og hverfisskipulag.





GEGNUM ÚLFARSÁRDAL

Stígur frá Vesturlandsvegi gegnum Úlfarsárdal meðfram Úlfarsá (1,4 km).

Rými og næði	Liggur við íbúabyggð í jaðri byggðar (+), aðskilin bílaumferð (+).
Náttúrulegt yfirborð	Nokkur gróður og gras (+), tré og lækur (+).
Greiðfærni	Gönguleið er ekki til staðar (--).
Fjölbreytni	Nokkur fjölbreytni í náttúru (+).
Sjónlínur	Vítt sjónsvið yfir útmörk (+).
Sól og skjól	Nokkuð skjól af gróðri (+), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**3,8 af 5 - Hefur kosti og galla. Gönguleið vantar.***

*Lokalitur lækkaður í gulann vegna þess að gönguleið vantar.

Staða skipulags

Stofnstígur sem liggur innan opins svæðis sem er að hluta til í þróun og meðfram samfélagsþjónustusvæði í þróun. Í samræmi við DSK.

Athuga að sunnan Úlfarsár er stígur sem er næstum fullkláraður og hér flokkaður sem tengiæð. Nyrðri leiðin var frekar valin sem stofnæð því hún liggur um náttúruríkara umhverfi fjær götu.Hinsvegar ef að líklegt er að langt sé í að nyrðri leiðin sé byggð gæti verið hyggilegt að gefa þeirri syðri frekar sess sem stofnæð. Báðar leiðir eru skilgreindar sem stofnæð skv. aðalskipulagi.

Helstu úrbætur

Leggja þarf gönguleið.





NEÐRI ELLIÐAÁRDALUR - NORÐURHLIÐ

Stígur gegnum Elliðaárdal frá Reykjanesbraut að Höfðabakkabrú (1,5 km).

Rými og næði	Liggur í gegnum borgargarð (++), er samhliða 50 km bílaumferð mestan hluta leiðar (-).
Náttúrulegt yfirborð	Mikill gróður, skógur og á (++).
Greiðfærni	Steypt gangstétt (+), lýsing (+), læsileiki góður fyrir utan partinn hjá rafstöðinni (+/-), er að hluta til í sama rými og 50 km gata (-) sem þó er nokkuð fáfarin.
Fjölbreytni	Fjölbreytni í gróðri og landslagi (+) og byggingar með menningargildi (+).
Sjónlínur	Nokkuð afmarkað sjónvið, en þó áhugaverðar sjónlínur (+/-).
Sól og skjól	Mikið skjól af gróðri (+), opnun móti sól í suður (+).
Lokaeinkunn	**4,2 af 5 - Nokkuð góð. Bæta má greiðfærni.**

Staða skipulags

Stofnstígur og að mestu opið svæði í borgargarði, en liggur líka um samfélagsþjónustu- og íbúasvæði skv. ASK. Elliðaár eru friðaðar með hverfisvernd. Í nokkru samræmi við DSK sem er orðið mjög gamalt.

Helstu úrbætur

Hér vantar bara punktinn yfir i-ð með auknum læsileika og greiðfærni (t.d. mætti lækka hámarkshraða innst á rafstöðvarvegi svo að gangandi og akandi umferð fari betur saman undir forsendum “shared space”).





NEÐRI ELLIÐAÁRDALUR - SUÐURHLIÐ

Stígur gegnum Elliðaárdal frá Reykjanesbraut að Höfðabakkabrú (1,7 km).

Rými og næði	Liggur í gegnum borgargarð (++), aðskilin umferð (+).
Náttúrulegt yfirborð	Mikill gróður, skógur, á og foss (++).
Greiðfærni	Steypt gangstétt (+), lýsing (+), bekkir og áningarstaðir (+) læsileiki góður (+).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í gróðri og landslagi (++).
Sjónlínur	Nokkuð útsýni og áhugaverðar sjónlínur (+).
Sól og skjól	Mikið skjól af gróðri (+), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**4,8 af 5 - Mjög góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Stofnstígur sem liggur um opið svæði - borgargarð skv. ASK. Elliðaár eru friðaðar með hverfisvernd. Í nokkru samræmi við DSK sem er orðið mjög gamalt.

Helstu úrbætur

Mjög góð leið og lítilla úrbóta er þörf en tryggja þarf viðhald.





EFRI ELLIÐAÁRDALUR - NORÐURHLIÐ

Stígur gegnum Elliðaárdal frá Höfðabakkabrú að Breiðholtsbraut (3,0 km).

Rými og næði	Liggur í gegnum borgargarð (++), aðskilin umferð (+).
Náttúrulegt yfirborð	Mikill gróður, skógur og á (++).
Greiðfærni	Steypt gangstétt (+), lýsing hluta leiðar (+/-), bekkir og áningarstaðir (+) læsileiki góður (+).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í gróðri og landslagi (+), eitthvað mannlíf við hestasvæði (+).
Sjónlínur	Nokkuð útsýni og áhugaverðar sjónlínur (+).
Sól og skjól	Mikið skjól af gróðri (+), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**4,8 af 5 - Mjög góð. Tryggja þarf viðhald.**

Staða skipulags

Stofnstígur sem liggur um opið svæði - borgargarð og að hluta til nærri íþróttasvæði (hestasvæði) skv. ASK. Elliðaár eru friðaðar með hverfisvernd. Ekki í samræmi við DSK, sem er orðið mjög gamalt.

Helstu úrbætur

Mjög góð leið, bæta mætti lýsingu en annars er lítilla úrbóta er þörf. Tryggja þarf viðhald.





EFRI ELLIÐAÁRDALUR - SUÐURHLIÐ

Stígur gegnum Elliðaárdal frá Höfðabakkabrú að Breiðholtsbraut (3,0 km).

Rými og næði	Liggur í gegnum borgargarð (++), aðskilin umferð (+).
Náttúrulegt yfirborð	Mikill gróður, skógur og á (++).
Greiðfærni	Steypt gangstétt (+), lýsing minnihluta leiðar (-), bekkir og áningarstaðir (+) læsileiki góður (+).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í gróðri og landslagi (+).
Sjónlínur	Nokkuð útsýni og áhugaverðar sjónlínur (+).
Sól og skjól	Mikið skjól af gróðri (+), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**4,8 af 5 - Mjög góð. Tryggja þarf viðhald.**





Staða skipulags

Stofnstígur sem liggur um opið svæði - borgargarð skv. ASK. Elliðaár eru friðaðar með hverfisvernd. Ekki í samræmi við DSK, sem er orðið mjög gamalt.

Helstu úrbætur

Mjög góð leið, bæta mætti lýsingu en annars er lítilla úrbóta er þörf. Tryggja þarf viðhald.

MILLI NEÐRA OG EFRA BREIÐHOLTS

Stígur sem liggur um grænan geira milli neðra og efra Breiðholts (1,7 km).

Rými og næði	Liggur í gegnum borgargarð (++), aðskilin umferð (+).
Náttúrulegt yfirborð	Mikill gróður, skógur (++).
Greiðfærni	Steypt gangstétt (+), lýsing (+), einhverjir bekkir og áningarstaðir (+) læsileiki góður fyrir utan þverun götu við Höfðabakka (+/-).
Fjölbreytni	Fjölbreytni í gróðri og landslagi (+).
Sjónlínur	Nokkuð útsýni yfir byggð á milli trjáa (+).
Sól og skjól	Mikið skjól af gróðri (+), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**4,8 af 5 - Mjög góð. Tryggja þarf viðhald.**





Staða skipulags

Stofnstígur sem liggur um opið svæði skv. ASK. Í samræmi við DSK.

Hér þarf að bæta þverun götu við Höfðabakka.

Athuga með legu leiðar, hvort ætti að færa leiðina niður í Stekki - frekar en að að þvera Höfðabakka, sem er varla möguleiki.

Helstu úrbætur

Mjög góð leið, en mikilvægt þó að leysa tengingu áfram til suðurs. Tryggja þarf viðhald.

FRÁ SUÐURFELLI AÐ ÍR-SVÆÐI (A MÖGULEIKI)

Leið frá Seljabraut að Andapolli og þaðan að ÍR-svæði (780 m).

Rými og næði	Liggur mikið um hverfisgarða og græna geira aðskilda umferð (++) og á stöku stað samhliða hægum íbúagötum (+/-).
Náttúrulegt yfirborð	Gras, tré, gróður og vatn(++).
Greiðfærni	Steypt gangstétt (+), lýsing (+), einhverjir bekkir og áningarstaðir (+) læsileiki ekki góður (-).
Fjölbreytni	Nokkur fjölbreytni í gróðri, landslagsmótun og byggingum (++).
Sjónlínur	Ekki mikið útsýni en áhugaverðar sjónlínur í nærumhverfi (+)
Sól og skjól	Mikið skjól af gróðri (+), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**4,7 af 5 - Mjög góð. Mætti þó bæta læsileika.**

Staða skipulags

Tengistígur sem liggur aðalega um opin svæði en einnig íbúasvæði og samfélagsþjónustusvæði á stöku stað skv. ASK. Kemur ekki fram í DSK.

Helstu úrbætur

Bæta má læsileika við þverun yfir Breiðholtsbraut og læsileika leiðarinnar yfir höfuð. Að öðru leyti mjög góð leið.





FRÁ SUÐURFELLI AÐ ÍR-SVÆÐI (B MÖGULEIKI)

Leið frá Suðurfelli að Breiðholtskirkju og þaðan að ÍR-svæði (760 m).

Rými og næði	Liggur samhliða 50 km götu (einnig nærri 60 km götu) (-), en er víða í nokkru vari frá götunni (+).
Náttúrulegt yfirborð	Gras, tré og gróður (+).
Greiðfærni	Steypt gangstétt (+), lýsing (+), lítið af bekkjum (+/-) læsileiki góður (+).
Fjölbreytni	Nokkur einsleitni í umhverfi (-) en þó einhver fjölbreytni með gróðri og byggingum (+).
Sjónlínur	Lítið útsýni (-) en einhverjar áhugaverðar sjónlínur í nærumhverfi (+).
Sól og skjól	Eitthvað skjól af gróðri (+), einhver sól, en þó í skugga af mön að hluta (+/-).
Lokaeinkunn	**3,5 af 5 - Nokkuð góð. Bæta mætti fjölbreytni og gróður.**

Staða skipulags

Stofnstígur sem liggur aðalega um opið svæði, íbúasvæði í þróun og íþróttasvæði skv. ASK. Er í samræmi við DSK eða kemur ekki fram.

Helstu úrbætur

Gert er ráð fyrir töluverðri uppbyggingu á svæðinu, s.s. íþróttamannvirkjum. Kjörið tækifæri er til að bæta gönguleið samfara því. Bæta upplifun m.t.t. afmörkunar frá umferð og auka fjölbreytni leiðar.





NEÐAN VIÐ ÞVERÁRSEL

Leið neðan við Þverársel (540 m).

Rými og næði	Liggur samhliða rólegu íbúahverfi og íþróttasvæði á aðra hönd (+) en 80 km umferðagötu á hina (-), sem samt sem áður er í nokkurri fjarlægð (+).
Náttúrulegt yfirborð	Gras, tré og gróður (+).
Greiðfærni	Gönguleið vantar (--).
Fjölbreytni	Nokkur einsleitni í umhverfi (-) en þó einnig fjölbreytni með gróðri og byggingum (+).
Sjónlínur	Ágætt útsýni (+) þó að umferðargata sé áberandi (-).
Sól og skjól	Eitthvað skjól af gróðri (+/-),nokkuð opið fyrir sól (+).
Lokaeinkunn	**3,2 af 5 - Kostir og gallar. Vantar gönguleið.**

Staða skipulags

Stofnstígur sem liggur um opið svæði eða íþróttasvæði skv. ASK. Er í samræmi við DSK.

Helstu úrbætur

Hér vantar göngustíg sem er þó mikilvæg tenging við Kópavog. Ætti að verða ágætis græn tenging þegar göngustígur er kominn.

Gert er ráð fyrir töluverðri uppbyggingu á svæðinu, s.s. íþróttamannvirkjum. Hugsanleg tækifæri til að bæta gönguleið (og mögulega einnig aðgreindan hjólastíg) samhliða því.





FRÁ GRAFARHOLTI AÐ HÁDEGISMÓUM

Leið frá Grafarholti meðfram Grafarholtsvelli að Hádegismóum (1,3 km).

Rými og næði	Liggur við grænt svæði í jaðri byggðar (+), aðskilin bílaumferð (+).
Náttúrulegt yfirborð	Nokkur gróður (+), tré og mói (+).
Greiðfærni	Steypt gangstétt (+), lýsing (+), fáir bekki rog áfangastaðir (-), bæta þarf læsileika á köflum (+/-).
Fjölbreytni	Nokkur fjölbreytni í náttúru (+) og eitthvað mannlíf tengt golfvelli (+).
Sjónlínur	Vítt sjónsvið yfir útmörk og nærliggjandi byggðir (+).
Sól og skjól	Nokkuð skjól af gróðri (+), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**4,3 af 5 - Nokkuð góð. Bæta mætti læsileika og bekki.**

Staða innan skipulags

Stofnstígur sem liggur innan opins svæðis, íþróttasvæðis og miðsvæði að litlum hluta. Í samræmi við DSK.

Helstu úrbætur

Nokkuð góð leið. Læsileika og skiltun þyrfti að lagfæra á kaflanum við byggðina við Hádegismóa, á milli golfvallar og Rauðavatns. Athuga þarf öryggismál á gönguleiðum samhliða golfvelli.





MEÐFRAM RAUÐAVATNI

Leið meðfram Rauðavatni frá Hádegismóum að Breiðholtsbraut (960 m).

Rými og næði	Víðáttumikið rými til austurs (++), nokkur umferð 80 km hraði (--), stígur þó nokkuð frá götu (+).
Náttúrulegt yfirborð	Nokkur gróður (+), vatn (+) og umferðarþung gata(-).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), engin lýsing á stórum hluta (-), fáir bekkir og áfangastaðir (-), mikill læsileiki (+).
Fjölbreytni	Nokkur einsleitni (-) m.a. vegna breiðrar götu, sjónlínur yfir Rauðavatn og skóg (+).
Sjónlínur	Mikið útsýni (++) yfir Rauðavatn, útmörk og fjöll.
Sól og skjól	Lítið skjól af gróðri (-), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**3,8 af 5 - Nokkuð góð. Mætti bæta lýsingu og bekki.**

Staða innan skipulags

Stofnstígur sem liggur innan opins svæðis sem einnig er hverfisverndað að stórum hluta. Ekki innan DSK.

Helstu úrbætur

Nokkuð góð leið, en bæta mætti lýsingu og fjölga bekkjum. Auka mætti skjól með gróðri.





MEÐFRAM BREIÐHOLTSBRAUT

Leið frá Rauðavatni að Elliðaárdal (1,5 km).

Rými og næði	Leið um grænan greina (++) meðfram umferðagötu með nokkurri umferð (70 km hraði) (--), stígur þó víðast nokkuð frá götu (+).
Náttúrulegt yfirborð	Tré og gróður nærri leið (++) og umferðarþung gata (-).
Greiðfærni	Steyptar gangstéttar (+), engin lýsing á hluta (+/-), nokkrir bekkir og áfangastaðir (+), mikill læsileiki (+).
Fjölbreytni	Fjölbreyttur gróður víða í nærumhverfi (+), þó einnig nokkur einsleitni (-).
Sjónlínur	Nokkuð útsýni yfir nærumhverfi og einnig sjónlínur út í útmörk (+).
Sól og skjól	Nokkurt skjól af gróðri (+), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**4 af 5 - Nokkuð góð. Tryggja þarf viðhald.**





Staða innan skipulags

Stofnstígur sem liggur innan opins svæðis. Ekki innan DSK.

Helstu úrbætur

Setja þarf upp aðgreindan göngu- og hjólastíg til að tryggja betur öryggi. Leitast við að draga úr áhrifum götunnar á leiðina.

SUNNAN NORÐLINGAHOLTS

Leið frá Breiðholtsbraut að Bugðu (930 m).

Rými og næði	Liggur við grænt svæði í jaðri byggðar (+), aðskilin bílaumferð (+).
Náttúrulegt yfirborð	Nokkur gróður og gras (+), tré (+).
Greiðfærni	Gönguleið vatnar að hluta (--).
Fjölbreytni	Nokkur fjölbreytni í náttúru (+) og íbúabyggð (+) .
Sjónlínur	Víða sjónsvið yfir útmörk, m.a. skóg og vatn (++).
Sól og skjól	Nokkuð skjól af gróðri (+), opnun móti sól (+).
Lokaeinkunn	**4 af 5 - Nokkuð góð. Gönguleið vantar*.**

* Litur hafður gulur þrátt fyrir góða einkunn þar sem gönguleið vantar að stórum hluta.

Staða innan skipulags

Stofnstígur sem liggur innan opins svæðis út að græna treflinum. Í samræmi við DSK.

Helstu úrbætur

Klára þarf gönguleiðina skv. skipulagi. Hefur annars nokkuð góða möguleika til að verða vel heppnuð tenging.



